



Lestur og lesskilningur í *Skerpu*, nýju námsefni fyrir unglíngastig

Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir

Lokaverkefni til M.Ed.-gráðu í náms- og
kennslufræði
Háskóli Íslands
Menntavísindasvið

**Lestur og lesskilningur í *Skerpu*, nýju
námsefni fyrir unglingastig**

Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir

Lokaverkefni til M.Ed- gráðu í náms- og kennslufræði
Leiðsögukennari: Anna Sigríður Þráinsdóttir

Kennaradeild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2010

Ritgerð þessi er lokaverkefni til M.Ed- gráðu í náms-
og kennslufræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á
nokkurn hátt nema með leyfi réttihafa.

© Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir 2010

Prentun: Prentsmiðja Háskólaprent ehf.
Reykjavík, Ísland 2010

Formáli

Þetta verkefni er lokaverkefni til M.Ed.-gráðu í náms- og kennslufræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Vægi verkefnisins er 20 ECTS einingar. Ég vil þakka leiðsögukennara mínum, Önnu Sigríði Þráinsdóttur lektor í íslensku fyrir veitta aðstoð og góðar ábendingar. Einnig vil ég þakka sérfræðingi verkefnisins, Guðmundi B. Kristmundssyni dósent í íslensku og lestrarfræðum fyrir góðar leiðbeiningar. Ég vil þakka öllum þeim sem veittu mér aðstoð og stuðning þau þrjú ár sem námið tók. Sérstaklega vil ég þakka fjölskyldu minni fyrir hvatningu, stuðning og þolinmæði.

Flúðum 18. maí 2010

Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir

Ágrip

Markmiðið með þessu M.Ed.-verkefni er að skoða hversu hátt lestri og lesskilningi er gert undir höfði í Skerpu, nýju námsefni í íslensku fyrir unglingastig. Námsefnið var þróað og unnið af þremur kennurum við Vallaskóla á Selfossi, þeim Guðbjörgu Grímsdóttur, Guðbjörgu Dóru Sverrisdóttur og Kristjönu Hallgrímsdóttur.

Gerð er grein fyrir námsefninu og þeim nýjungum sem Skerpa hefur upp á að bjóða og þá sérstaklega með tilliti til lesturs og lesskilnings. Einnig er fjallað um hugtakið læsi og nokkrar skilgreiningar á því ásamt því sem lestur og lesskilningur eru tengd við ýmis hugtök tengd námi.

Gerð var tilviksrannsókn þar sem beitt var eigindlegri rannsóknaraðferð. Viðtöl voru tekin við þrjá kennara sem kenna námsefnið Skerpu, en hafa áður kennt annað námsefni og með því var leitast við að fá svör við því hvort kennurum finnst þeir sinna lestri og lesskilningi meira nú en áður.

Niðurstöður benda til að kennarar sinni lestri og lesskilningi betur með notkun Skerpu en í eldra námsefni. Kennsla í lestri og lesskilningi fellur undir bókmenntir í Skerpu og kennurunum fannst meira utanumhald og markvissari kennsla í þessum þáttum í Skerpu en í eldra námsefni. Þó að kennurum finnst þeir kenna lestur og efli lesskilning með markvissari hætti nú en áður er samt ýmislegt sem betur má fara.

Abstract

The goal of this M.Ed. project is to determine how big a role reading and reading comprehension play in Skerpa, a new curriculum in Icelandic for teenagers. The curriculum was developed by three teachers, Guðbjörg Grímsdóttir, Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir and Kristjana Hallgrímsdóttir, who all teach at Vallaskóli- elementary/middle- school in Selfoss.

This paper seeks to explain the curriculum and the novelties Skerpa has to offer, especially in context to reading and reading comprehension. Furthermore it discusses the terminology and several definitions of literacy. Additionally this paper seeks to relate reading and reading literacy to a range of educational terms.

The research was set up as case study and empirical research was used. Data were gathered through interviews with three teachers who teach the curriculum Skerpa but have taught other sets of courses before. The aspiration of this research was to assess whether teachers considered they were attending to reading and reading comprehension more, now they are using Skerpa, than before.

Results from this work indicate that teachers do attend more to reading and reading literacy with Skerpa than they did before. Teaching reading and reading comprehension are covered by literature in Skerpa, and teachers stated that with Skerpa mentoring had become easier and teaching more focused and goal-orientated.

Yet, even though teachers consider their teaching methods of reading and reading literacy more goal-orientated now, there are still some aspects that need improving.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	9
2	Læsi og lestrarnám	11
2.1	Læsi	11
2.2	Nám	16
2.3	Lestrarnám og lesskilningur	19
3	Námsefni	25
3.1	Skerpa.....	25
3.2	Eldra námsefni.....	29
4	Rannsóknaraðferð.....	31
4.1	Rannsóknarsnið	31
4.2	Gagnaöflun	32
4.3	Þátttakendur.....	32
4.4	Viðtöl.....	33
5	Niðurstöður.....	35
6	Umræður.....	41
	Lokaorð	49
	Heimildaskrá	51
	Fylgiskjal.....	55

1 Inngangur

Haustið 2007 sat ég kennaraþing Kennarasambands Suðurlands á Flúðum. Á þinginu var kynnt nýtt námsefni í íslensku fyrir unglíngastig sem þá var í þróun við Vallaskóla á Selfossi. Höfundar þessa námsefnis eru Guðbjörg Grímsdóttir, Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir og Kristjana Hallgrímsdóttir. Á þessum tímapunkti kallaðist námsefnið Vallaskóla-leiðin en hefur nú fengið heitið Skerpa. Það er gefið út af Forlaginu og er kennt í skólum vítt um landið.

Ég fékk áhuga á þessu námsefni, þar sem þar virtist öllum þáttum íslenskunnar vera sinnt, og lagt upp með að nemendur hefðu áhrif á nám sitt. Sem dæmi má nefna að áður en vinna hefst í Skerpu þurfa nemendur að velja sér ákveðna viðmiðunartölu sem er sú einkunn sem þeir ætla að fá út úr hverri af þeim námslotum sem námsefninu er skipt í. Þegar talan er valin eiga nemendur að horfa til fyrri árangurs í íslensku og reyna að hafa töluna raunhæfa.

Eitt af því sem mér fannst sérstaklega áhugavert var sú staðreynd að öllum hlutum íslenskunnar var sinnt í hverri námslotu. Þetta er nýtt verklag miðað við það sem yfirleitt gerist í íslenskukennslu í grunnskóla. Í þriggja vikna pakka voru verkefni í málfræði, stafsetningu, ritun, bókmenntum, framsögn og tjáningu og síðan orðasúpa þar sem nemendur vinna með málshætti og orðtök og ýmislegt fleira um íslenskuna. Í bókmenntahlutanum þurfa nemendur að lesa mismunandi texta eins og skáldsögur, smásögur og Íslendingasögur svo eitthvað sé nefnt.

Ekki verður annað séð en að nemendur þurfi að lesa meira og vinna meira með efnið sem þeir eru að læra þegar Skerpa er notuð. Þegar eldra námsefni notað þurfta nemendur yfirleitt að lesa eina til tvær skáldsögur á vetri og auk þess eina Íslendingasögu og síðan fer það eftir áhuga kennara hvort fleira er lesið. Rannsóknir benda til þess að lestraráhuga og lesskilningi íslenskra unglínga hafi farið aftur á undanförunum árum og áratugum, eins og fjallað eru um í 2. kafla, og því er áhugavert að grennslast fyrir um hvort Skerpa ýtir undir áhuga og færni unglínga í lestri. Því var lagt upp með rannsóknarspurninguna: Er lestri og lesskilningi gert hærra undir höfði í Skerpu heldur en í eldra námsefni.

Ég kynnti mér vel hvað felst í hugtökunum lestur og lesskilningur, skoðaði rannsóknir sem gerðar hafa verið og vann síðan út frá því sem ég

komst að við þennan lestur. Fljótlega komst ég þó að því að lítið er til um lestur og lesskilning unglunga, nema ef einhverjir erfiðleikar eru til staðar. En það var alls ekki ætlunin í þessari rannsókn að skoða frávík heldur almennt hvernig lestri og lesskilningi unglunga er sinnt.

Ég hafði samband við kennara sem hafa kennt Skerpu og hitti þá síðan og tók við þá viðtöl. Ég fór í þrjá skóla og þar sem rannsóknin var ekki stærri er erfitt að afhæfa og yfirfæra niðurstöður mínar á aðra skóla þar sem Skerpa er kennd.

Ritgerðin er þannig uppbyggð að á eftir inngangi, þar sem gerð er grein fyrir viðfangsefninu og markmiðum með rannsókninni, kemur kafli þar sem fræðilegur grunnur ritgerðarinnar er tíundaður. Því næst kemur kafli um námsefnið Skerpu og síðan er kafli þar sem fjallað er um rannsóknina sjálfa, rannsóknaraðferð, gagnaöflun og val á viðmælendum. Þar á eftir er síðan kafli þar sem niðurstöður viðtalanna eru skráðar, þá er umræðukafli og að síðustu lokaorð.

2 Læsi og lestrarnám

Í þessum kafla er lagður fræðilegur grunnur að ritgerðinni. Í fyrsta lagi verður gerð grein fyrir því hvað læsi er, skilgreiningar skoðaðar og fjallað um hugtakið læsi. Í öðru lagi verður fjallað um lestur og lesskilning, hvað er lesskilningur og hvernig er hægt að auka hann hjá nemendum. Þá verður einnig fjallað um kenningar sem lagðar eru til grundvallar þegar rætt er um nám og það hvernig við lærum. Þessi atriði er mikilvægt að hafa í huga þegar horft er til lestrar og lestrarkunnáttu nemenda.

Skerpa byggir á hugmyndafræði Daltonskóla, hlítarnámi og einstaklingsmiðuðu námi¹. Til þess að skoða hvort lestri og lesskilningi eru gerð skil í námsefninu er mikilvægt að gera sér grein fyrir því hvað þarf til til þess að nemendur geti lesið og nýtt sér það sem þeir lesa, þ.e. er skilningur til staðar?

2.1 Læsi

Í grein Þóru Kristinsdóttur „Að lesa ... list er góð“² kemur fram að lestur er aðgerð sem saman stendur af fjölmörgum þáttum. Þetta eru þættir sem snerta einstaklinginn tilfinningalega og líffræðilega og einnig hafa ýmsir félags- og umhverfislegir þættir áhrif. Lestur þróast frá unga aldri og segja má að lestur sé ævilangt ferli. Nánast hvar sem er í heiminum er góð færni í lestri talin vera mikilvæg. Það að kunna að lesa auðveldar okkur að afla okkur nýrrar vitneskju, það gefur okkur nýjar víddir í upplifun og hugsun. Höien og Lundberg³ skilgreina lestur þannig að hann sé ferlið sem á sér stað þegar einstaklingur breytir bókstöfum/ritstáknum í hljóð og orð sem hann skilur.

Samkvæmt Elbro⁴ er lestur hæfileikinn til að skilja innihald ritaðs máls. Með lestri sé verið að endurskapa grunninnihaldið með því að greina og skilja orðin og tengja þau við þá þekkingu sem þegar er til staðar. Tilgangurinn með lestri er að skilja innihald textans og það gerir einstaklingurinn með því að lesa orðin og setja þau í samhengi við þá

¹ Guðbjörg Grímsdóttir (2009)

² Þóra Kristinsdóttir (2000)

³ Höien og Lundberg (2000)

⁴ Elbro (2004)

vitneskju sem hann hefur. Undir þetta tekur Arnbak⁵ sem heldur því fram að einstaklingurinn verði að skilja það sem hann er að lesa til þess að fá eitthvað út úr lestrinum, ekki er nóg að þekkja einstök orð í textanum. Einstaklingurinn notar samhengi í texta til að skilja það sem hann er að lesa, þ.e. hann notar þau orð, og þýðingu þeirra, sem hann þekkir til að bæta við fyrri kunnáttu.

Þessi skilningur Elbros og Arnbaks á því hvað lestur felur í sér er í ágætu samræmi við skilgreiningu IEA (The International Association for the Evaluation of Educational Achievement) sem fram kemur í ritinu Læsi íslenskra barna frá 1993 og hljóðar svo:

Læsi er hæfni/kunnáttu til að skilja og nýta sér ýmsar myndir ritaðs máls sem þjóðfélagið krefst að fólk hafi vald á eða það kýs sjálft að nota.⁶

Í rannsóknum PISA (The OECD Programme for International Student Assessment) er gengið heldur lengra í skilgreiningu á læsi, en lesskilningur er alltaf eitt þeirra atriða sem prófuð eru í PISA. Þar virðist gert ráð fyrir því að læsi sé grundvöllur þess að geta verið virkur þjóðfélagsþegn og að geta tekið stöðugum framförum í lífinu:

„Lesskilningur er hæfileiki manns til að skilja, nota og íhuga ritað mál til að ná markmiðum sínum, til að þróa þekkingu sína og framtíðarmöguleika og til að geta tekið virkan þátt í samfélaginu“.⁷

Báðar skilgreiningarnar, þ.e. skilgreining IEA og skilgreining PISA miðast við notkun ritaðs máls.

Nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins hefur um skeið unnið að tillögu um skilgreiningu á læsi. Sett hafa verið fram drög að skilgreiningu á læsi og eru þau á þessa leið:

⁵ Arnbak (2008)

⁶ Sigríður Þ. Valgeirsdóttir (1993)

⁷ Understanding, using and reflecting on written texts, in order to achieve one's knowledge and potential, and to participate in society.

Í læsi felst að búa yfir þekkingu og leikni til að skynja, skilja, túlka, gagnrýna og miðla texta í víðum skilningi til að mæta kröfum samfélagsins og einstaklingsins. Með texta er átt við ritmál, myndmál, talmál og önnur kerfi tákna.⁸

Þessi nefnd var sett saman í kjölfar skýrslu Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands um stöðu lestrarkennslu í íslenskum grunnskólum.⁹

Þessar skilgreiningar eiga það sameiginlegt að þær túlka læsi víðar en við eigum kannski að venjast og gera þar með ráð fyrir að læsi nái ekki eingöngu yfir lestrarkunnáttu, það að kunna að lesa. Samkvæmt þeim er læsi viðameira en svo og mjög mikilvægt í nútíma samfélagi til þess að geta mótttekið og unnið úr öllum þeim upplýsingum sem standa til boða. Hverjum og einum er það nauðsynlegt að geta unnið úr og komið frá sér upplýsingum á ýmsu formi. Í skilgreiningum IEA og PISA er eingöngu nefndur hæfileikinn til að skilja og nota ritmál en í skilgreiningu nefndar menntamálaráðuneytisins er talað um texta í víðum skilningi og þá ekki eingöngu ritmál.

Bóklestur hjá íslenskum ungmennum fór minnkandi á seinni hluta 20. aldar og í upphafi þeirrar 21., líkt og sjá má á rannsóknum Þorbjörns Broddasonar¹⁰. Þær sýna að árið 1968 lásu íslensk ungmenni að meðaltali 3,9 bækur á ári en árið 2003 var lesturinn kominn niður í 1,8 bækur á ári. Einnig vekur athygli, að fjöldi þeirra sem ekki les bækur hefur þröfnast frá upphafi rannsóknarinnar og er nú um þriðjungur aðspurðra.

Niðurstöður rannsókna Þorbjörns gefa til kynna að bóklestur ungmenna hafi dregist saman um helming á árunum 1968-2003. Vert er að hafa í huga að þetta gerist einmitt á sama tíma og bókaútgáfa stendur með miklum blóma og ný barnabókahefð hefur fest sig í sessi, gjarnan kennd við Harry Potter og höfund hans J.K. Rowling.

Í nýrri könnun má reyndar greina viðsnúning¹¹. Botninum virðist hafa verið náð og meðaltal lesinna bóka, hjá þeim sem tóku þátt í rannsókninni, er meiri en í síðustu könnun. Árið 2009 hefur tölvueign aukist og sjónvarpstækjum hefur fjölgað á heimilum. Því má spyrja sig

⁸ Guðmundur B. Kristmundsson (2010)

⁹ Katrín Jakobsdóttir (20019)

¹⁰ Þorbjörn Broddason (2005)

¹¹ Þorbjörn Broddason (2009)

hverju þessi viðsnúningur sæti. Í mörgum skólum hafa verið lestrahvetjandi aðgerðir í gangi og er líklegt að það skýri að mestum hluta þennan viðsnúning. Ekki má heldur gleyma Stóru upplestarkeppninni þar sem nemendur eru hvattir til að vanda sig við upplestur og markvisst er unnið með framsögn og tjáningu í tengslum við lestur.

Niðurstöður Þorbjörns Broddasonar 1968-2003 eru studdar af niðurstöðum Íslands í PISA rannsókninni¹². Hún er gerð á þriggja ára fresti og með mismunandi áherslu í hvert sinn en lesskilningur er alltaf einn prófþáttanna. Árið 2000 var lögð sérstök áhersla á lesskilning og sýndu niðurstöður að rúmlega helmingur íslenskra nemenda eða 57% gæti alveg eins hugsað sér að hætta að lesa og 55% lesa ekki í frístundum sínum. Þetta er mjög hátt hlutfall og sýnir að rúmlega helmingur nemenda hafði lítinn sem engan áhuga á lestri.

Dvínandi áhugi ungmenna á lestri er athyglisverður í ljósi þess að Íslendingum þykir vænt um að geta kallað sig bókaþjóð eins og Dr. Sigrún Klara Hannesdóttir bendir á í grein sinni, *Lestur er bestur*¹³. Hún telur að það sé aðferð þeirra við að sýna umheiminum hátt menningarstig þessarar litlu þjóðar. Ýmsar kenningar hafa verið settar fram um hvað veldur því að lestri og læsi íslenskra barna fer hrakandi og stærri og stærri hluti hvers árgangs les engar bækur. Framboð á annarri afþreyingu er mikið þannig að bóklesturinn verður undir auk þess sem þrengt er að móðurmálskennslunni í skólunum.

Í rannsókn sem unnin var 2009 af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands¹⁴ fyrir Menntamálaráðuneytið kemur fram að lestrarkennsla á unglingastigi er oft og tíðum ómarkviss. Námsgögn vantar og fastmótaðar kennsluáðferðir eru sjaldnast fyrir hendi. Helsta verkefni sem kennarar á unglingastigi standa frammi fyrir er að vekja áhuga unglunga á lestri og kennurum finnst vanta leiðir og stuðning í þeirri vinnu.

Í rannsókninni kom einnig fram að allir þátttakendurnir voru sammála um mikilvægi lestrar og það sem biði úrlausnar væri að tengja sem flestar greinar inn í lestrarkennsluna og halda þeirri kennslu áfram upp grunnskólann því tilhneiging er til að líta svo á að formlegri lestrarkennslu sé lokið þegar komið er á miðstig grunnskólans. Í

¹² Almar M. Halldórsson (2006)

¹³ Sigrún Klara Hannesdóttir (1998)

¹⁴ Auður Magnús Leiknisdóttir o.fl. (2009)

rannsókninni koma fram vísbendingar um að nemendur í efstu bekkjum grunnskólans lesi minna en jafnaldrar þeirra gerðu fyrir nokkrum árum. Höfundar telja mikilvægt að reyna að snúa þessari þróun við.¹⁵

Ef skoðuð eru lög um grunnskóla og aðalnámskrá, sem eru þau vinnuþlög sem kennurum ber að vinna eftir, kemur skýrt fram hver stefna yfirvalda er hvað þetta varðar.

Í annarri grein laga um grunnskóla nr. 91/2008¹⁶ segir:

Grunnskóli skal stuðla að víðsýni hjá nemendum og efla færni þeirra í íslensku máli, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, högum fólks og á skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn. Nemendum skal veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og að afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfar hæfni þeirra til samstarfs við aðra. Grunnskóli skal stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

Í þessum lögum kemur skýrt fram hvaða skyldur grunnskólinn hefur. Nemendur eiga að hafa tækifæri til að afla sér leikni og þekkingar og undir það hlýtur læsi að falla. Til þess að framfylgja þessum lögum höfum við aðalnámskrá og í áfangamarkmiðum við lok 10. bekkjar segir:

„Mikilvægt er að nemendur lesi sér til gagns og ánægju, gamalt efni og nýtt, innlent og erlent. Nemendur þurfa að læra mismunandi lestraraðferðir og geta beitt þeim. Við lestur bókmenntatexta ber að leggja áherslu á að nemendur læri að njóta bókmennta og tjái sig um eigin upplifun í ræðu og riti. Brýnt er fyrir sjálfsmynd nemenda að vekja þá til vitundar um gildi móðurmáls og bókmennta¹⁷.

¹⁵ Auður Magnús Leiknisdóttir o.fl. (2009)

¹⁶ Lög um grunnskóla nr 91/2008

¹⁷ Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska (2007)

Til þess að þessum ákvæðum sé sinnt þarf aðstaða og umbúnaður fyrir kennara og nemendur að vera til staðar. Aðgangur að uppflettibókum og orðabókum sem og aðgangur að bókasafni skiptir miklu máli í þessu samhengi. Einnig skiptir áhugi yfirstjórnar hvers skóla miklu máli til þess að árangur náist í skólastarfinu. Stjórnendur þurfa að vera vakandi fyrir nýjungum og hvetja kennara til að prófa nýja hluti. Virkja þarf nemendur með öllum tiltækum ráðum til að nýta sér þá möguleika til náms sem eru í boði. Mikilvægt er að höfða til nemenda og taka tillit til áhugamála þeirra. Þá eru meiri líkur á að árangur náist.

Eins og fram kemur í þessum kafla er ljóst að nemendur eiga að læra lestur og tileinka sér lesskilning á öllum stigum grunnskólans, en í ljós kemur í rannsókn Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands að þar virðist vera misbrestur á ¹⁸. Kennarar sem rætt var við í þeirri rannsókn voru almennt á þeirri skoðun að lestrarkennsla færi fram á yngsta stigi grunnskólans og þegar lengra kæmi í náminu þyrfti ekki að kenna lestur. Lestur og lesskilningur féll ekki undir þessa skilgreiningu hjá þessum kennurum.

Í þessari rannsókn verður leitast við að skoða hvort kennurum finnist þeir sinna lestri og lesskilningi betur eftir að þeir tóku Skerpu í notkun.

2.2 Nám

Eitt af lykilhugtökum rússneska fræðimannsins Lev S. Vygotsky var *miðlun* (mediation). Þetta hugtak vísar til þess að mannlegt samspil við umheiminn, bæði menningarlegt og náttúrulegt, fer fram í gegnum milliliði eða er miðlað á einhvern hátt. Sú menning sem einstaklingar eru sprotnir úr býður upp á ákveðin verk- og táknerfi. Þroski einstaklingsins felur í sér að nýta þessi kerfi á menningarlegan bakgrunn sinn og þá jafnframt að þróa menninguna áfram.

Vygotsky notar einnig hugtakið *innhverfing* (internalization) og vísar þar til þeirrar umbreytingar sem á sér stað í huga einstaklingsins með hliðsjón af þeirri menningu sem hann hrærist í þegar hann innbyrðir nýja vitneskju, t.d. þegar skáldverk er lesið og þá hvernig sú þekking eða upplifun hefur áhrif á félagslegt umhverfi hans, hvernig hann túlkar t.d. skáldverk sem hann hefur lesið og hvernig hann miðlar þeirri upplifun.

¹⁸ Auður Magnús Leiknisdóttir o.fl. (2009)

Þá mótaði Vygotsky jafnframt hugtakið *verkfæri* (tool) og sagði að það útskýrði þann grundvallarmun sem er á mönnum og dýrum. Með því að nota verkfæri yrði maðurinn virkari þátttakandi í eigin athöfnum.

Tungumálið er mikilvægasta táknerfi mannsins og börn nota það til þess að þróa skilning sinn á umhverfinu ¹⁹. Vygotsky sagði jafnframt að verkfæri og tákni (symbolism) gegndu mikilvægu hlutverki til þess að manneskjan gæti stýrt athöfnum sínum og hafði sig upp yfir líffræðilegar takmarkanir og skapað ný form. Af þessu má ráða að mikilvægt sé að hjálpa börnum að þróa og nýta sér fjölbreytt tæki til þess að vinna með í námi sínu.

Vygotsky benti á að nám barna hefst löngu fyrir formlega skólagöngu og þegar að henni kemur hafa börn mótaðar hugmyndir um margt sem snýr að veruleika þeirra og námi sem þau takast á við í skólanum ²⁰.

Hugtakið *umboð* eða *svigrúm* (*agency*) hjá Vygotsky vísar til þess að hver einstaklingur hafi stjórn á eigin skilningi. Þetta umboð er alltaf háð getu gerandans og þeim aðstæðum sem hann hrærist í. Eða m.ö.o. það samband milli einstaklingsins og samfélagsins sem er stöðugt að þróa og mótast. Lesefni dagsins í dag munu án efa höfða með öðrum hætti til lesenda eftir 30 ár heldur en það gerir nú.

Það þarf ekki að koma á óvart að ánægja af lestri og sjálfsmynd í námi hefur sterk tengsl við lesskilning nemenda. Því meira sem nemandi nýtur þess að lesa því meira les hann og því betra á hann með að skilja ritað mál. Sjálfsmynd hans sem góðs nemanda hlýtur jafnframt að tengjast góðum árangri hans sjálfs ²¹.

Kanadamaðurinn Albert Bandura setti fram kenningu um *trú einstaklingsins á eigin getu* (self-efficacy beliefs). Kenning Bandura fjallar um hvernig einstaklingar búa til og þróa með sér skilning á eigin getu (self-perceptions) sem er mikilvægur til að þeir nái þeim markmiðum sem þeir setja sér og geti stjórnað eigin umhverfi.

Skoðun fólks á eigin getu og því sem hefur áhrif á hugarástand þess byggist meira á því hverju fólk trúir sjálft heldur en því sem er í raun og veru ²². Þess vegna er oft betra að lýsa hegðun fólks sem trú á eigin getu heldur en því hvað fólk er í raun og veru fært um að gera út frá þekkingu

¹⁹ Vygotsky (1978)

²⁰ Vygotsky (1978)

²¹ Almar M. Halldórsson (2006)

²² Bandura (2008)

og hæfni. Við lestur og lestrarkennslu þarf að koma til móts við nemendur og taka tillit til getu hvers og eins. Hvatning og hrós hefur áhrif á trú einstaklingsins á eigin getu líkt og Bandura bendir á.

Atferlisgreining er vísindagrein sem fæst við rannsóknir og hagnýtingu á lögmálum hegðunar. Meginmarkmið atferlisgreiningar er að skilja, spá fyrir og hafa áhrif á hegðun manna og lífvera. Rannsóknir á hegðun hafa sýnt að hún er að stórum hluta lærð og er henni viðhaldið af umhverfi okkar og þá ekki síst félagslegu umhverfi. Bandaríski fræðimaðurinn B.F. Skinner²³ setti fram hugmyndir um hagnýta atferlisgreiningu. Hann lagði áherslu á virka skilyrðingu þar sem virk hegðun einstaklingsins er styrkt eða veikt. Margir þættir hafa áhrif á viðeigandi hegðun, s.s. bakgrunnsáhrifavalda og aðdragandi. Í þessu samhengi má benda á að það skiptir miklu máli hvernig nýjar námsáherslur er kynntar til sögunnar og ef námsumhverfið er gert aðlaðandi hlýtur það að ýta undir jákvæðara viðhorf nemenda til náms.

Danski fræðimaðurinn Knud Illeris²⁴ hefur ígrundað þekktar kenningar fræðimanna, sett þær í samhengi við nám og tengt þær innbyrðis. Samkvæmt Illeris, þurfa tveir þættir að vera virkir hjá einstaklingi til þess að hann geti lært. Annar þátturinn er samspilið milli einstaklingsins og þess umhverfis sem hann er í þegar hann er vakandi og tekur misvel eftir, en þetta samspil er þó grundvöllur þess að læra. Hinn þátturinn er úrvinnsluþáttur hvers einstaklings og hæfileikinn til að tileinka sér þau áhrif sem hann verður fyrir.

Nýja þekkingu þarf að tengja þeirri sem fyrir er og niðurstaðan er það sem einstaklingurinn tileinkar sér. Til þess að fá nemendur til að bæta sig í lestri og lesskilningi er mikilvægt að nota aðferðir sem virkja þessa ferla því þeir eru nauðsynlegir til að við lærum.

Illeris bendir á hugtakið *námsstíl* (learning style)²⁵ sem tilraun til að finna skýringar á því hvernig einstaklingurinn lærir. Kenningin er sú að við lærum á mismunandi hátt en einstaklingurinn hefur sinn eigin hátt á því hvernig hann lærir. Engin ein aðferð er betri en önnur, en skoða þarf hvert tilfelli og finna leið fyrir viðkomandi til að læra.

²³ Pierce og cheney (2004)

²⁴ Illeris (2007)

²⁵ Illeris (2007)

Nauðsynlegt er að hafa ávallt í huga að mæta þarf nemendum á þeirra forsendum og því nauðsynlegt að gera viðeigandi ráðstafanir áður en lagt er af stað í ný verkefni og ný vinnubrögð. Til dæmis þarf að gera ráðstafanir fyrir nemendur með þroskafrávik, lesblindu og annars konar sérþarfir.

Hlítarnám grundvallast á sjónarmiðum atferlisfræðinnar. Þau sjónarmið eru að skipuleggja skal nám með kerfisbundnum hætti og móta það með styrkingu. Elliot Eisner vitnar í Benjamin Bloom í skrifum sínum um hlítarnám²⁶ en hann segir að hlítarnám eigi að byggja á þekkingu, skilningi, greiningu, beitingu og mati nemenda. Ekki á að líta svo á að allir nemendur þurfi sama tíma til að læra sama hlutinn. Bloom hvatti nemendur til að vinna saman og hjálpa hver öðrum. Mikilvægt er að námsumhverfi sé hvetjandi og áhersla þarf að vera á fjölbreytni. Stuðningur og hvatning eru einnig stór þáttur í námi barna.

Samkvæmt Carol Ann Tomlinson²⁷ felur einstaklingsmiðað nám í sér að kennarinn tekur tillit til þess að nemendur hafa mismunandi þarfir. Í einstaklingsmiðuðu námi skiptir máli að nemendur séu þátttakendur, að þeim finnist námið skipta máli og að það vekir áhuga.

Á vefsíðu Ingvars Sigurgeirssonar²⁸ kemur fram að með einstaklingsmiðuðu námi sé oftast átt við að kennarinn kappkosti að koma til móts við nemendur og þeirra þarfir. Nemendur þurfa ekki allir að vera að læra það sama á sama tíma, þeir vinna á sínum hraða mismunandi námsefni ýmist upp á eigin spýtur eða í hópum.

2.3 Lestrarnám og lesskilningur

Hljóðkerfisvitund er undirstaða þess að umskráning geti átt sér stað, skilningur á því að bókstafir og hljóð eru tengd. Rannsóknir sýna tengsl milli frávika í hljóðkerfisvitund og þess að seinkun verður í lestrarfærni hjá einstaklingnum.²⁹

Takmark þess sem lærir að lesa er að skilja það sem lesið er. Lesskilningur er mikilvægur og margt í rannsóknum sem bendir til þess að bein tengsl séu milli málskilnings og lesskilnings.³⁰ Hljóð og

²⁶ Eisner (2000)

²⁷ Tomlinson (2001)

²⁸ Ingvar Sigurgeirsson (2010)

²⁹ Höien og Lundberg (2000)

³⁰ Nation (2006)

hljóðkerfisvitund, vitund um merkingu, setningar, orð og orðhluta eru líka þættir sem hafa áhrif á lesskilning . Vísbendingar eru um það að orðaforði barna eftir 3. bekk aukist með frjálsum lestri ³¹. Börn sem lesa lítið hafa slakan lesskilning og bilið milli orðaforða og skilnings verður því alltaf stærra og stærra.

Hugtakið byrjendalæsi³² er notað um það ferli sem hefst við fæðingu og er talið ná þar til formleg lestrarkennsla hefst. Með þessari kenningu er vísað til þess að börn öðlist vissa færni og þekkingu á tungumálinu, ritun og lestri sem er mikilvæg fyrir væntanlegt lestrarnám. Þessi þróun er bæði afrakstur beinnar kennslu og örvunar frá umhverfinu. Börn allt frá eins árs aldri sem hlusta á sögur sem lesnar eru fyrir þau, greina hljóð og taka eftir táknum í umhverfinu, teikna og krotu og fá þannig örvun sem nýtist þeim seinna í lestrarnáminu.

Byrjendalæsi felur í sér 4 meginþætti:

1. Málþróun: Skilningur og beiting orðaforða.
2. Þekkingu á ritmálinu: Þekkja mismunandi tegundir bóka.
3. Þekkingu á lögmáli bókstafanna: Að stafirnir heita mismunandi nöfnum.
4. Hljóðkerfisvitund: Næmi fyrir hljóðum tungumálsins.

Samkvæmt Ehri³³ er lestur málræn aðgerð sem byggir á samspili margra þátta sem eru nauðsynlegir til að túlka og skilja ritmál. Undir það tekur Þóra Kristinsdóttir³⁴. Grunnur að góðri færni í lestri er lagður á fyrstu æviárum barnsins. Því betri málþroska sem barn hefur, því betur er það í stakk búið til að takast á við lestrarnám³⁵.

Foreldrar, leikskólakennarar og aðrir sem koma að uppeldi gegna því mikilvæga hlutverki að búa ung börn undir líf og starf í veröld sem gerir ráð fyrir því að flestir þjóðfélagsþegnar séu læsir og skrifandi.

Lestrarnám er einkum tvö ferli, annars vegar að skilja ritmálið, það að breyta stafaröð í orð og hins vegar að skilja merkingu ritmálsins.

³¹ Nation (2006)

³² Lesvefurinn (2010)

³³ Ehri (1997 og 2001)

³⁴ Þóra Kristinsdóttir (2000)

³⁵ Höigaard (1999)

Samkvæmt kenningum Ehri er „sight word learning“ ferli sem allir lesarar þurfa að fara í gegnum til þess að ná tökum á lestri ³⁶. Mikilvægt er að hennar mati að beina sjónum frekar að nemandanum heldur en kennsluáðferðum. Með því er hægt að skýra það ferli sem nemandinn fer í gegnum til að ná tökum á lestri og um leið er hægt að skoða hvað fer úrskaiðis. Til þess að ná tökum á lestri er mikilvægt að nemandinn hafi fullkomna þekkingu á tengslum stafs og hljóðs. Hann þarf að vera fær um að sundurgreina orðin í hljóð og til þess þarf lesandinn að hafa góða hljóðkerfisvitund ³⁷.

Samkvæmt Ehri eru a.m.k. fjórar aðferðir við að lesa orð.

1. Með því að hljóða sig í gegnum orðin eða með því að lesa í orðbútum, atkvæði eru þá notuð.
2. Með því að kalla fram sjónræna mynd úr langtímaminni, þekkja orðin sjónrænt.
3. Með því að bera saman lík orð sjónrænt.
4. Með því að giska á orðið út frá samhenginu.

Ehri telur að aðferð nr. 2, sjónræna leiðin sé skilvirkasta og fyrirhafnarminnsta leiðin til að lesa orð í texta. Börn safna orðum í sjónrænan orðaforða og læra að þekkja þau með endurtekningum. Dæmi um það eru myndir í umhverfinu eins og vörumerki, bókstafirnir og hljóðin sem þeim fylgja, orðabútar og setningar.

Elbro³⁸ bendir á að til þess að börnin geti nýtt sér þessa aðferð sé æfingin mikilvæg og hana fá börnin með því að lesa mikið og þannig verður lesturinn sjálfvirkur og þá er einstaklingurinn farinn að lesa sér til skemmtunar.

Samkvæmt Ehri eru þróunarstig lesturs fjögur:

1. Undanfari bókstafsstigs, ágiskanir t.d. hvað stafir heita eða hvað orð merkja.
2. Bókstafsstig að hluta, þekkja bókstafina og hljóðin sem þeim fylgja.

³⁶ Ehri (1997 og 2002)

³⁷ Stackhouse (2006)

³⁸ Elbro (2004)

3. Fullkomið bókstafsstig, barnið þekkir tengslin milli stafs og hljóðs. Barnið getur hljóðað sig í gegnum orðið, getur lesið það og veit hvernig það er skrifað.
4. Heildrænt bókstafsstig, þekkir orð og orðhluta sem heildir, ræður við stærri einingar og lesturinn verður fyrirhafnarlaus. Með æfingunni verður hann sjálfvirkur.

Samkvæmt Vance og Mitchell³⁹ er hljóðaaðferðin talin skilvirkust til að byggja upp sjónrænan orðaforða. Nemendur læra að þekkja heiti stafanna og hljóðgildi þeirra markvisst. Hljóðin eru tengd saman í orð og hlustað er á orðin sem myndast við tenginguna. Þá festir lesarinn orðin í langtímaminninu gegnum framburð orðsins. Með lestri eru orðin kölluð fram úr langtímaminninu en í raun er það þekkingin um tengsl stafs og hljóðs sem nær að kalla orðin fram úr minninu. Segja má að þetta reyni því frekar á minnisferlið en umskráningarferlið.

Góður orðaforði skiptir miklu máli þegar lesskilningur er annars vegar. Til að aukning á sjónrænum orðaforða eigi sér stað verða nemendur að lesa svo þeir sjái ritað form nýrra orða nógu oft til að þau bætist við í sjónrænt orðasafn þeirra. Ritun, það að skrifa markvisst, er öflug leið til að byggja upp sjónminni á orð, því þegar nemendur skrifa orðin verða þeir að sundurgreina öll hljóð orðanna, þ.e. skrifa staf fyrir staf. Því ætti lestrarkennslan að byggjast á markvissri ritun alveg frá upphafi, samhliða þjálfun í hljóðrænni umskráningu.⁴⁰

Orðaforða er oft deilt niður í fjórar aðskildar deildir: Orðaforða talmáls, hlustunar, lestrar og ritunar⁴¹.

Orðaforði talmáls er ef til vill stærstur, en þó mismikill eftir einstaklingum. Hér hefur umhverfið sem barnið hefur alist upp í mikið að segja. Hefur það haft tækifæri til að tala við fullorðna um reynslu og þekkingu og hefur verið lesið fyrir það? Orðaforði hlustunar er sá orðaforði sem barnið kann og getur notað til að skilja það sem sagt er við það. Lestrarorðaforðinn er sá orðaforði sem notaður er þegar lesið er til þess að skilja textann. Miklu máli skiptir að lesa fyrir börnin og með þeim. Þau börn sem lesa mikið og fá aðstoð við að skilja orðin sem þau eru að læra fá síðar

³⁹ Vance og Mitchell (2006)

⁴⁰ Lesvefurinn (2008)

⁴¹ Guðmundur B. Kristmundsson (2000)

meiri áhuga á lestri en þau börn sem lesa lítið og hafa lakari orðaforða⁴². Orðaforði ritunar og orðaforði lestrar eru tengdir. Samanlagt verður þannig til orðaforði sem barnið getur nýtt sér við skriftir.

Börn og unglingar nýta sér í auknum mæli skrifaðan texta frá því sem áður var. Þau hafa samskipti við vini og kunningja á MSN og SMS og nota samskiptasiður á Netinu. Í skólanum rekast nemendur á ýmsar tegundir texta og mikilvægt er að þeir þjálfist í að þekkja og skilja mismunandi texta. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla⁴³ eiga nemendur í 10. bekk að hafa náð góðum tókum á lestri, m.a. til að geta lesið flókna nytjatexta og áttað sig á innihaldi þeirra og boðskap. Í því námsefni sem hér er verið að skoða er höfuðáhersla lögð á lestur bókmenntatexta af ýmsu tagi.

Lesskilningur nær líka til lestrar í fögum eins og raungreinum, samfélagsfræði og stærðfræði, svo eitthvað sé nefnt⁴⁴. Þeir einstaklingar sem hafa góðan lesskilning eiga auðvelt með að lesa milli línanna. Þetta er hæfileiki sem kemur með því að lesa og skilja textann og geta nýtt sér fyrri vitneskju til að draga ályktanir og þar af leiðandi verður textinn lifandi og lesturinn skemmtilegri og áhugaverðari⁴⁵.

Samkvæmt Harvey og Goudvis⁴⁶ er mikilvægt að þjálfá nemendur í því að spyrja spurninga, áður en þeir lesa, meðan þeir lesa og eftir lestur. Einnig þarf að spyrja nemendur hvort þeir hafi skilið textann og innihald hans því að með umræðum læra nemendur ný orð og auka þannig við orðaforða sinn.

Í nútímaþjóðfélagi er ekki nóg að geta lesið texta í bók heldur er læsi/skilningur á annað í umhverfinu mikilvægt. Hér getum við tekið sem dæmi læsi/skilning á fjölmiðla, fjármál og stjórnmál. Einnig er hæfileikinn til að vera læs/skilja umhverfið, náttúruna og samfélagið mikilvægur.

Kennari sem vill vekja áhuga á lestri og viðhalda honum má ekki gleyma þeirri staðreynd að engir tveir nemendur eru eins. Það á að vera takmark kennarans að kennslustundir taki mið af þeim nemendum sem hugsanlega vilja tala um það sem þeir eru að lesa og eins þeim sem vilja vinna einir⁴⁷.

⁴² Walpole og McKenna (2007)

⁴³ Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska (2007)

⁴⁴ Maggerö og Tønnesen (2006)

⁴⁵ Arnbak (2008)

⁴⁶ Harvey og Goudvis (2007)

⁴⁷ Blachowicz og Ogle (2001)

3 Námsefni

3.1 Skerpa

Skerpa er nýtt námsefni í íslensku fyrir unglingastig. Það var fyrst kennt í 10. bekk í Vallaskóla veturinn 2005-2006 og þá sem tilraunaefni. Höfundar námsefnisins eru þrír kennarar við Vallaskóla á Selfossi, Guðbjörg Grímsdóttir, Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir og Kristjana Hallgrímsdóttir. Upphaflega var þetta námsefni afrakstur þróunarverkefnis við Vallaskóla og var því kallað Vallaskólaleiðin. Forlagið gefur námsefnið út.

Skerpa varð til eftir að kennarar við Vallaskóla fóru í námsferð til Hollands vorið 2003 og heimsóttu þá m.a. Daltonskóla⁴⁸. Daltonskóli var stofnaður í Bandaríkjunum snemma á tuttugustu öld og sækja höfundar Skerpu hugmyndir sínar að einhverju leyti þangað. Daltonskólar byggja á hugmyndum John Dewey og má þar nefna hugmyndir um virka kennsluhætti, leitarnám, þjálfun hugsunar og lýðræðislegt skólastarf.

Samkvæmt Helen Parkhurst stofnanda Daltonskólans⁴⁹ er mikilvægt að börn læri það sem þau hafa áhuga á. Ef þau eru stöðugt látin læra eitthvað sem þau hafa engan áhuga á eru miklar líkur á að þau skaðist til frambúðar, þannig að áhugi á námi minnki. Börn eru í eðli sínu forvitin ef þau á annað borð hafa áhuga á því efni sem verið er að vinna með. Parkhurst segir að kennsla og nám hafi farið fram eftir skipulagi yfirvalda og lítið sem ekkert tillit hafi verið tekið til mismunandi þroska og áhuga nemenda, allir eiga að læra það sama. Nemendur fara í gegnum skólann á hraða kennarans, ekki sínum. Þeir læra það sem kennarinn segir og hefur áhuga á, ekki það sem þeir sjálfir hafa áhuga á. Þegar náminu hefur verið breytt þannig að tekið er tillit til áhuga og getu nemenda og ekki fyrr en þá, er hægt að segja að nemendur komi í raun og veru menntaðir út úr skólunum. Lykillinn að menntun liggur í því að virða nemandann og ef ekki er hlustað á hann er tekin frá honum gleðin við vinnuna. Samkvæmt Parkhurst geta nemendur allt frá tíu ára aldri byrjað að skipuleggja sig og

⁴⁸ Guðbjörg Grímsdóttir (2009)

⁴⁹ Parkhurst og Nunn (1922)

taka ábyrgð á námi sínu⁵⁰ en rauði þráðurinn í Skerpu er að nemendur þurfa að bera ábyrgð á eigin námi.

Skerpa er þannig upp byggð að grunnur námsefnisins eru verkefnabækur með átta til tíu námslotum í hverjum árgangi 8.-10. bekkjar grunnskóla. Í hverri lotu eru verkefni sem taka á öllum þáttum íslenskunnar, málfræði, stafsetningu, ritun, bókmenntum, framsögn og tjáningu og einnig eru ýmiskonar málfarsverkefni þar sem nemendur vinna með orðtök, málshætti og fleiri þætti tungumálsins. Á kennaravef Skerpu eru leiðbeiningar um vægi námsþátta. Þar vantar þó vægi framsagnar og tjáningar en kennarar geta sett inn og breytt vægi hvers námsþáttar fyrir sig.

Verkefnabækurnar voru unnar í samræmi við markmið Aðalnámskrár grunnskóla⁵¹. Í áfangamarkmiðum við lok tíunda bekkjar segir: „Leitast skal við að vinna með alla þætti móðurmálsins þannig að hver þáttur styðji annan og þeir myndi saman eina heild“⁵². Þetta markmið er haft að leiðarljósi í Skerpu⁵³.

Áður en nemendur byrja að vinna í Skerpu þurfa þeir, í samráði við kennara, að velja sér svokallaða viðmiðunartölu. Þessi tala er sú einkunn sem nemendur stefna á að ná út úr hverri lotu. Á þriggja vikna fresti taka nemendur lotupróf og þá þurfa þeir að ná viðmiðunartölu sinni eða endurtaka prófið ef þeir ná henni ekki. Prófið gildir 50% af lotueinkunn og vinnubókin gildir 50%. Þetta felur vel að kenningum um hlítarnám⁵⁴ og einstaklingsmiðað nám.⁵⁵

Með hverri lotu fylgir leslisti og þar er tíundað hvar nemendur geta náð í upplýsingar er varða vinnu í lotunni, hvaða handbækur eða ljósrít þeir eiga að lesa áður en vinnan hefst. Tekið er fram að mikilvægt sé að hafa allt aukaefni aðgengilegt í kennslustofunni þannig að nemendur læri strax hvar og hvernig þeir geti lesið sér til. Í hverri stofu þurfa að vera orðabækur, bækur með orðtökum og málsháttum, Málfinnur og Skriffinnur og aðrar bækur sem gott er að geta gripið til og flett upp í.

⁵⁰Parkhurst og Nunn (1922)

⁵¹ Guðbjörg Grímsdóttir, Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir, Kristjana Hallgrímsdóttir, e.d.

⁵² Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska (2007)

⁵³ Guðbjörg Grímsdóttir (2009)

⁵⁴ Eisner (2000)

⁵⁵ Tomlinson 82001)

Nemendur hafa aðgang að vikuáætlun sem er ætluð til að auðvelda þeim að skipuleggja vinnu sína.

Með námsefninu fylgir aðgangur að kennsluvef ⁵⁶ sem er tvískiptur, annars vegar kennarahluti og hins vegar nemendahluti. Í upphafi vetrar fá nemendur aðgangsorð að vefnum og eru hvattir til að skoða hann og nota. Á vefnum er ýmiskonar stuðningsefni og nemendur geta æft sig á gagnvirkum prófum fyrir lotuprófin. Á kennaravefnum er allt efni sem fylgir námsefninu, þar má finna kennsluleiðbeiningar, lausnir, einkunnaforrit, leslista og verkefnaskrár, lotupróf og lausnir við þeim, glærusafn, hugtakalista, upprifjunarhefti, kennslukver og ýmis konar hjálpargögn.

Hér verður gerð grein fyrir bókmenntahluta námsefnisins, þar sem lestur og lesskilningur fellur þar undir og verður efni hvers árgangs gerð skil.

- Áttundi bekkur: Þar eru átta lotur og upprifjunarlota að auki. Í áttunda bekk eiga nemendur að lesa fjórar kjörbækur, goðsögur, þjóðsögur, ævintýri, draugasögur, Hrafnkels sögu Freysgoða, smásögur úr Mállyrkju og í síðustu lotunni er farið í ljóðalestur og ljóðagerð. Þar eiga nemendur að lesa sér til í Ljóðspeglum.
- Níundi bekkur: Þar eru níu lotur og upprifjunarlota að auki. Í níunda bekk eiga nemendur að lesa fjórar kjörbækur, smásögur úr Mállyrkju, Íslendingaþætti, þjóðsögu, goðsögu og smásögu. Í níunda bekk eru tvær lotur lagðar undir ljóð og þar, eins og í áttunda bekk, eru Ljóðspeglar notaðir sem kennslubók.
- Tíundi bekkur: Í tíunda bekk eru loturnar átta og upprifjunarlota að auki. Í tíunda bekk eiga nemendur að lesa eina kjörbók, Engla alheimsins, Gísla sögu Súrssonar, smásögur og einnig kynnast þeir ýmsum bókmenntastefnum.

Í öllum árgöngunum fylgja verkefni sem vinna á með lesefninu. Sem dæmi um verkefni má nefna kynningu á skáldsögum, nemendur eiga að breyta enda sögu og svara spurningum úr lesefninu. Það er unnið með bókmenntahugtök, nemendur þurfa að túlka og færa rök fyrir því sem þeir lesa út úr efninu. Einnig þurfa nemendur að túlka myndrænt lesefni, þeir

⁵⁶ Guðbjörg Grímsdóttir, Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir, Kristjana Hallgrímsdóttir, e.d.

þurfa að þekkja einkenni mismunandi lesefnis, lesskilningur er þjálfaður með verkefnum úr lesefni lotunnar og nemendur þurfa að segja, munnlega, frá því sem þeir hafa lesið. Verkefnið í Skerpu virðast falla undir skilgreiningu nefndar menntamálaráðuneytisins um læsi⁵⁷. Nemendur læra að þekkja helstu einkenni bragfræðinnar og þurfa að geta greint þau í ferskeytlum og öðrum hefðbundnum kveðskap.

En þó svo námsefnið sé tilgreint með þessum hætti í lotunum er kennurum í sjálfsvald sett að skipta út verkefnum. Hægt er að aðlaga efnið hverjum og einum og taka út eða bæta inn í eftir því sem við á og hentar nemendahópnum eða einstökum nemendum. Hér kemur skýrt fram að Skerpa fellur að þessu leyti undir hugmyndir um hlítarnám og einstaklingsmiðað nám þar sem nemendur vinna á sínum hraða og geta valið hvort þeir vinna einir eða með öðrum.

Í upphafi hverrar lotu eru markmið lotunnar kynnt og einnig eiga nemendur að kynna sér glósur áður en þeir hefja vinnuna við lotuna. Vygotsky benti á er mikilvægt að einstaklingurinn hafi stjórn á eigin skilningi og það er háð getu og aðstæðum⁵⁸. Nemendur geta ráðið í hvað röð þeir vinna verkefni þannig nemendur í sama bekk geta verið að vinna í mismunandi verkefnum. Eins og gefur að skilja þarf kennarinn að vera vel að sér í efninu til að geta haldið utan um kennsluna þannig að allir fái þá aðstoð sem þeir þurfa.

Í mörgum tilfellum fá nemendur að ráða hvaða lesefni þeir vilja fjalla um og oft velja þeir bækur um áhugamál en þeir þurfa samt að vinna sömu verkefni og aðrir. Með þessu eru líkur á að áhugi nemenda á námsefninu aukist, þeir hafa val og vinna með það sem þeir hafa áhuga á hvort sem það eru hestar, mótórhjól eða annað⁵⁹. Hlutverk kennarans er að aðstoða og leiðbeina hverjum nemanda á hans hraða, þó innan ákveðinna tímamarka sem eru ekki stíf. Bandura nefnir að hvatning og hrós skiptir máli og að einstaklingurinn hafi trú á að hann geti það sem hann ætlar sér⁶⁰. Í hverjum hópnum eru alltaf einhverjir nemendur sem komast yfir meira efni en aðrir og líka nemendur sem vinna hægar eða hafa hreinlega ekki getu til að halda í við bekkjarfélagana. Í Skerpu er gott tækifæri til að sinna þessum nemendum. Duglegir nemendur geta

⁵⁷ Guðmundur B. Kristmundsson (2010)

⁵⁸ Vygotsky (1978)

⁵⁹ Tomlinson (2001)

⁶⁰ Bandura (2008)

unnið loturnar á skemmri tíma en hinir og þeir sem eiga í erfiðleikum fá að sleppa verkefnum eða vinna hluta af þeim.

Nemendur sem vinna í Skerpu þurfa að temja sér sjálfstæð vinnubrögð. Þeir bera sjálfir ábyrgð á vinnu sinni og þurfa að standa skil á verkefnabókunum þegar lotupróf eru. Lotuprófin endurspeglar það sem unnið var með í lotunni og nemendur geta notað sér markmiðin sem gefin eru upp í byrjun lotu til að kanna hvort þeir eru búnir að læra það sem á að læra í hverri lotu.

3.2 Eldra námsefni

Í rannsókninni sem lýst er síðar í ritgerðinni er oft talað um eldra námsefni án þess að það sé skýrt nánar. Þá er einkum verið að vísa til þess námsefnis sem viðmælendurnir nefndu að þeir hefðu notað áður en þeir tóku Skerpu í notkun. Þar er fyrst að nefna eyðufyllingabækur um málfræði, *Fallorð*, *Sagnorð* og *Smáorð* eftir Magnús Jón Árnason sem voru fyrst gefnar út af Námsgagnastofnun árin 1988-1989. Þær voru upphaflega hugsaðar sem viðbótarnámsefni með öðru en urðu fljótt aðalkennsluefni.

Mályrkja I-III eftir Þórunni Blöndal (I-II) og Höskuld Þráinsson og Silju Aðalsteinsdóttur (III) var gefin út af Námsgagnastofnun 1994-1998. Með þessum bókum var ætlað að gefa kost á heildstæðri móðurmálskennslu þar sem í þeim var lögð áhersla á hvers konar lestur, ritun og málþjálfun. Þessum bókum fylgdu vinnubækur þar sem ýmsu var bætt við efnið og gefinn var kostur á margvíslegri þjálfun.

Árin 2003-2005 gaf Námsgagnastofnun út nýjar vinnubækur með *Mályrkju*, *Finn* I-III. Eftir Svanhildi Kr. Sverrisdóttur. Í þessum vinnubókum er stuðst við texta úr *Mályrkjubókunum* og eyðufyllingaverkefni eru allnokkur.

Stafsetning er í verkefnabókunum, *Finni*, bæði æfingar og reglur sem nemendur eiga að læra.

Í tíunda bekk hefur bókin *Íslenska, Kennslubók í málvísni og ljóðlist* eftir þá Jón Norland og Gunnlaug V. Snævarr verið mikið notuð. Í þeirri bók er tekið á málfræðinni í víðum skilningi. Orðflokkagreining, setningafræði, hljóðfræði, málnotkun og ljóðalestur.

Í bókmenntum eru notaðar Íslendingasögur og kjörbækur og þá oft þær bækur sem til eru í bekkjarsettum. *Englar alheimsins*, *Gauragangur*, *Peð á*

plánetunni jörð, Mýrin, Á draugaslóð, Grafarþögn og Háski og hundakjöt eru nokkrar af þeim bókum sem nefndar voru. Annað lesefni var valið af kennurum og verkefni oft tekin af netinu eða búin til af kennurum.

Ýmiskonar efni sem hægt er að sækja á Netið hefur líka verið notað og það fer þá eftir áhuga kennara hvað er tekið með af því. Eflaust eru fleiri bækur í notkun en þetta eru þær sem kennarar nefndu í viðtölunum.

Í Mályrkjubókunum er mikið um alls konar lestexta og þar er fjölbreytileikinn til staðar. Ýmislegt er orðið gamalt og nemendur skilja oft og tíðum ekki það sem þeir eru að lesa. Eins og Illeris bendir á er mikilvægt í öllu námi að nemendur hafi áhuga á og skilji það sem þeir eiga að læra.⁶¹

Helsti munurinn á því eldra námsefni sem hér hefur verið kynnt og Skerpu er utanumhaldið sem er með Skerpu. Kennarar halda utan um lestur og nemendur þurfa að lesa einhverja texta eða bækur í hverri lotu. Það er því minni hættu á að lestur verði út undan hjá nemendum.

⁶¹ Illeris (2007)

4 Rannsóknaraðferð

Hér verður gerð grein fyrir rannsókninni og lýst, rannsóknaraðferð, gagnaöflun, vali á viðmælendum, úrvinnslu gagna og siðferðilegum atriðum.

Í rannsókninni leitaði ég svara við þeirri spurningu hvort lestri og lesskilningi væri gert hærra undir höfði í Skerpu en í eldra námsefni. Til þess að fá svör við henni tók ég viðtöl við þrjá kennara og ræddi við þá um reynslu þeirra af því að kenna Skerpu í samanburði við eldra námsefni.

4.1 Rannsóknarsnið

Rannsakað var samkvæmt eigindlegum aðferðum (e. qualitative research). Eigindlegar rannsóknaraðferðir eru margar og mörkin milli þeirra ekki alltaf ljós. Það sem einkennir þær er að rannsókn fer fram á vettvangi og leitast er við að fá fram skilning þátttakenda á því sem verið er að rannsaka⁶². Í þessu tilfelli er verið að rannsaka reynslu þátttakenda af ákveðnu námsefni og samanburð þeirra við eldra námsefni og er notuð tilviksrannsókn sem hentar vel til að leita svara við rannsóknarspurningunni. Í tilviksrannsókn er eitthvert ákveðið tilvik tekið og skoðað nákvæmlega⁶³. Tilviksathugun gefur rannsakandanum tækifæri til að komast mjög nálægt viðfangsefninu. Hann verður hluti af rannsókninni þar sem áhrifa gætir alltaf af nærveru hans þó að hann sé ekki beinn þátttakandi. Áhugi rannsakandans ræður hér ferðinni og tilviksrannsókn er tilvalin leið til að varpa ljósi á viðfangsefnið.

Viðfangsefnið er tilvik í daglegu lífi við raunverulegar aðstæður, ekki er hægt að alhæfa út frá niðurstöðunum þó að hægt sé að draga ákveðnar ályktanir út frá þeim. Gera verður ráð fyrir því að þátttakendur hafi áhrif á framvindu rannsóknar þrátt fyrir að áhugi rannsakandans ráði ferðinni að mestu leyti. Það sem einkennir einmitt tilviksrannsóknir er að gögnin ráða oft ferðinni, því lesið er jafnóðum úr gögnum og koma þá oft fram upplýsingar sem þurfa nánari athugunar við. Þetta hefur áhrif á framgang rannsóknar og það hvaða stefnu hún tekur⁶⁴.

⁶² Flick (2006)

⁶³ Flick (2006)

⁶⁴ Flick (2006)

Rannsóknarviðtöl verða hálfopin, þ.e. stuðst verður við ákveðnar spurningar og reynt að fá nánari útskýringar á því sem þurfa þykir. Við þessa rannsókn hefði mátt beita meginlegum aðferðum (e. quantitative) og fá þannig svör frá fleiri kennurum, en ég valdi að tala við fáa kennara og hafa þannig möguleika á að fá nánari útskýringar á svörum viðmælenda.

Tekin voru viðtöl við þrjá kennara sem kennt hafa íslensku á unglingsstigi grunnskóla um lengri eða skemmri tíma en hafa nú tekið Skerpu í notkun. Tilgangurinn með viðtölunum var að leita svara við spurningunni um hvort lestri og lesskilningi sé betur sinnt í Skerpu en eldra námsefni. Þar sem eingöngu voru tekin viðtöl við þrjá kennara er ekki hægt að alhæfa út frá niðurstöðum en þær gefa þó mynd af því hvernig Skerpa kemur út þegar horft er á lestur og lesskilning unglings.

4.2 Gagnaöflun

Gagnaöflun fór fram í janúar og febrúar 2010.

Til að rannsaka tilvik notaði ég eigindlega rannsóknaraðferð og rýndi í orðræðu. Gögnum var safnað á vettvangi með viðtölum við kennara og voru viðtölin tekin upp á hljóðupptökutæki. Viðtölin voru skráð orðrétt eftir upptökunum svo fljótt sem því var við komið.

Viðtöl við kennara á vettvangi er ágæt leið til að grafast fyrir um reynslu þeirra á ákveðnu fyrirbæri, í þessu tilfalli námsefni. Viðtölin eru hálfopin og reynt er að krefja viðkomandi útskýringa ef þarf. Viðtöl eiga vel við þegar skoðuð eru viðhorf, túlkun og gildismat, þau fá viðmælendur til þess að íhuga fyrirbæri sem þeir hafa hugsanlega ekki ígrundað áður⁶⁵.

4.3 Þátttakendur

Þátttakendur í rannsókninni voru þrír kennarar við jafn marga skóla þar sem námsefnið Skerpa hefur verið kennt á unglingsstigi.

Kennararnir sem ég talaði við voru allt konur og allar með sérmenntun í íslensku, tvær þeirra eru með B.Ed-próf frá KHÍ og ein er með BA-próf í íslensku og kennsluréttindi að auki. Þær hafa kennt íslensku á unglingsstigi mislengi, tvær í fjögur ár en sú þriðja í sjö ár. Ástæða þess að þessir þrír kennarar urðu fyrir valinu var sú að þeir höfðu kennt

⁶⁵ Helga Jónsdóttir (2003)

námsefnið Skerpu lengst af þeim kennurum sem kenndu þetta námsefni þegar rannsóknin fór fram.

Upplýst leyfi var fengið hjá þátttakendum og rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar. Fullum trúnaði var heitið og verða því hvorki skólarnir né viðmælendurnir nefndir sínu rétta nafni. Hljóðskrá og öðrum gögnum varðandi rannsóknina var fargað þegar rannsóknar- niðurstöður lágu fyrir og búið var að vinna úr þeim.

4.4 Viðtöl

Viðtöl fela í sér að gögnum er safnað með beinum orðaskiptum rannsakanda og viðmælenda⁶⁶. Viðtöl eiga vel við þegar rannsókuð eru skynjun og viðhorf sem og væntingar til ákveðins hlutar. Þegar ákvörðun er tekin um að nota viðtöl sem leið til gagnasöfnunar er það vegna þess að viðtölin eru talin vera öflugasta aðferðin til að svara þeirri rannsóknarspurningu sem sett hefur verið fram.

Hljóðrituð viðtöl voru tekin við þrjá kennara í jafn mörgum skólum. Viðtölin voru skráð orðrétt eftir upptökunum svo fljótt sem því varð við komið. Spurningarnar voru þessar:

- Hvað ert þú búin að kenna íslensku lengi á unglingsstigi?
- Ertu með sérmenntun í íslensku?
- Af hverju var sú ákvörðun tekin að kenna Skerpu í þessum skóla?
- Hvernig fannst þér þú sjálf sinna lestri og lesskilningsverkefnum áður en þú fórst að nota Skerpu og notar þú sömu kjörbækur og áður eða fá nemendur meira val núna?
- Hver finnst þér vera reynslan af lestri og lesskilningi í Skerpu? Hvort finnst þér því vera gert lágt eða hátt undir höfði?
- Nemendur geta unnið verkefnið í Skerpu á mismunandi hraða, hvernig eru innlagnir t.d. í Íslendingasögunum?
- Ákveðið svigrúm er gefið og mögulegt að nota aðrar bækur en upp eru gefnar, t.d. hægt að skipta út Íslendingasögunum. Hefur þú eitthvað nýtt þér þetta?

⁶⁶ Helga Jónsdóttir (2003)

- Undir bókmenntum í þessu námsefni eru ljóðin, hvernig finnst þér því vera sinnt?
- Finnst þér þú hafa sinnt bókmenntum meira áður eða hafði málfræðin meira vægi? Er þetta öðruvísi núna?
- Hvað finnst nemendum um þetta námsefni?
- Hvað finnst foreldrum um þetta námsefni?

Kennararnir voru spurðir almennt um lestur og lesskilning í Skerpu. Ekki var spurt sérstaklega um annan texta en bókmenntatexta og enginn kennarana tók fram að þeir kenndu annað en bókmenntatexta.

5 Niðurstöður

Kennararnir sem ég ræddi við voru allt konur og allar með sérmenntun í íslensku. Svo fulls trúnaðar sé gætt mun ég ekki nefna kennarana réttu nafni heldur verða þær kallaðar María, Jóna og Björg. Ekki verða skólarnir nefndir á nafn.

Ástæða þess að byrjað var að kenna Skerpu í þessum þrem skólum var sú að kennarar voru orðnir leiðir á því námsefni sem til var. Þótti of mikið af eyðufyllingarverkefnum, málfræðin fékk of mikinn tíma og „allt var of stíft“ eins og Björg sagði og átti þar með við að ákveðið var fyrirfram hvað ætti að kenna í hverjum tíma. Bókahallæri var líka nefnt og þá sérstaklega í 10. bekk. Björg nefndi líka að með því að taka upp nýtt námsefni væri möguleiki á að breyta um kennsluaðferðir og reyna að eitthvað nýtt.

Kennurum fannst að þeir hefðu sinnt lestri og lesskilningi nokkuð vel áður en þeir fóru að nota Skerpu. Þegar betur var að gáð kom í ljós að þeim finnst þeir komast yfir meira efni, kjörbækurnar eru fleiri. Afköstin eru meiri og fjölbreyttara efni sem nemendur komast yfir. Kennarar nefna að kennslan sé markvissari og að einhverju leyti sé það líka ástæða þess að þetta námsefni var tekið inn. Björg segir:

Við höfum farið svolítið út í það að vera með kjörbókalista. Við söfnum saman efni hér af bókasafninu í skólanum og síðan erum við með það eftir þyngdarstigi, þeir sem eru með viðmiðunartöluna 5-7, þeir taka þessar bækur, þeir sem eru með viðmiðunartöluna þetta, þeir taka þessar.

Hjá þessum kennara hefur verið gefið út að ef lesa á unglingabók þá eru ákveðnar bækur á bannlista. Þetta er vegna þess að nemendur vilja sækja í of léttar bækur að mati kennara, eins og t.d. Bert bækurnar. Hún vildi meina að Bert bækurnar væru vinsælar af því væru léttar aflestrar, ekki vegna þess að það væri það sem nemendur hefðu áhuga á.

Hjá Björgu kom fram að möguleikinn á vali fyrir nemendur skiptir miklu máli. Ekki þurfa allir að lesa sömu bókina sama hversu góðir þeir eru í lestri og lesskilningi. María hefur haldið sig við þær bækur sem hafa alltaf verið lesnar í áttunda, níunda og tíunda bekk, en er ekki með ákveðinn leslista fyrir kjörbækur. Nemendur velja á bókasafni en bera undir hana og fá samþykktu bókina sem þeir hafa valið. Jóna er á því að

bókmenntum sé betur sinnt og það sé kannski ein af ástæðunum fyrir að Skerpa var tekin inn:

Mér finnst afköstin meiri já fjölbreyttari sko. Það eru náttúrulega bæði þessar skáldsögur og svo eru smásögurnar og ljóðin og fornbókmenntir þó að það hafi að sjálfsgöðu verið með en ekki eins markvisst, þetta er miklu markvissara, þess vegna tókum við þetta efni inn, sáum fram á það.

Þó er Jóna sá kennari sem er kannski helst fastur í „gamla“ farinu að því leyti að hún hefur lítið breytt kennsluaðferðum. Í viðtalinu kom fram að hún er áfram með þær bækur sem notaðar voru áður en Skerpa var tekin í gagnið. Hún skiptir bókunum niður á milli anna þannig að eitt bekkjarsett er til og annar helmingur nemenda les eina bók meðan hinn helmingurinn les aðra og síðan er skipt. Hún er þó að velta fyrir sér að leyfa nemendum, í öllum þrem árgöngunum sem hún kennir, að velja meira, og þá horfir hún til þeirra nemenda sem eiga kannski erfitt með að lesa og lesskilningur er slakur:

Ég sá fram á að þeir nemendur sem lesa aldrei, þeir, þá er Grafarþögnin frekar tyrfin og löng þó að hún sé spennandi og skemmtileg þeim finnst það nú er þá er kannski betra fyrir þá að byrja á hinni [Háski og hundakjöt, innsk. rannsakanda] hún er léttari aflestrar og aðeins styttri en mjög skemmtileg, þau eru sammála um það. Strákunum finnst hún skemmtileg, ég segi strákunum því þeir mega oft ekki vera að því að lesa, þannig að jú ég stýri því.

Almennt fannst kennurum að það mætti gera meira úr lestri og lesskilningi í námsefninu þó að vissulega væri mikið unnið með það og tilfinningin væri að vinnan væri markvissari.

Jóna nefndi að í sínum skóla væri átak í gangi þar sem allir á unglingastigi þ.e. í sjöunda til tíunda bekk, eigi að lesa korter á dag. Þetta þykir sérstaklega henta vel fyrir þá unglunga sem aldrei lesa heima.

María nefndi að í sínum skóla væri mikið horft á lesskilninginn í vetur vegna þess að nemendur í 10. bekk komu illa út úr þeim þætti á samræmdu prófi haustið 2009.

Þegar spurt var um innlagnir t.d. á Íslendingasögum voru kennararnir sammála um að það væri mjög hæpið að senda nemendur heim með sögurnar og segja þeim að lesa. Þeir hafa valið þá leið að láta alla nemendur fylgjast að í Íslendingasögunum. Þeir nemendur sem eru komnir á undan, í Skerpu, verða bara að geyma þessi verkefni og síðan

eru þau unnin með kennara. Bækurnar eru lesnar í tímum, ýmist les kennarinn eða skiptist á við nemendur og virkilega vinna sig í gegnum þessar bókmenntir sem nemendum finnst yfirleitt erfiðar og óskiljanlegar. Þessi aðferð hefur gefist vel eins og Björg sagði:

Þau verða að fylgja mér og minni kennslu og þau, ég spurði þau af því þetta var nú í fyrri líka, og þá spurði ég þrjár stelpur sem voru komnar sem sagt á undan en geymdu og þeim fannst það allt í lagi og þær sögðu sjálfar eftir á, við hefðum ekki viljað missa af þinni kennslu af því það var gaman við hefðum aldrei haft svona gaman af bókinni nema af því þú fórst að kenna hana.

Þegar kennarar voru spurðir að því hvort þeir nýttu sér þann sveigjanleika sem gefinn er til að taka inn aðrar bækur en gefnar eru upp í Skerpu kom í ljós að það var ekki reyndin. Þó kom fram áhugi á að gera þetta þegar þeir væru orðnir kunnugri námsefninu.

Þegar spurt var um hvernig kennurum finnst ljóðum vera sinnt í námsefninu kemur í ljós að þeir eru nokkuð sáttir við það. Þó er Jóna með hugmynd um að það mætti auka ljóðakennsluna því að nemendur vilja gleyma milli ára. Ein lota er í námsefninu á hverju ári og hugtök og annað er viðkemur ljóðum og ljóðalestri virðist gleymast milli ára. Hún tengdi ljóð og ljóðalestur við vorið og María sagði að ljóð væru bara ekki hennar málaflokkur og hún gerði það sem þyrfti og ekki meira:

Ég geri það sem gera þarf þarna, en mín vegna mætti þína mig einmitt til þess að gera aðeins meira.

Aðspurðir hvort kennarar hafi sinnt bókmenntum meira áður eða hvort málfræðin hafi haft meira vægi, og hvort þetta sé öðruvísi í Skerpu eru svörin gegnum gangandi að áður hafi málfræðin haft meira vægi.

María svarar því til að hún hafi reynt að skipta þessu jafnt niður, tvo tíma í málfræði, tveir tímar í stafsetningu og tveir tímar í bókmenntir. Það sem sé munurinn núna er að ekkert verður útundan því allir liðir eru teknir fyrir í hverri lotu.

Jóna telur að málfræði og stafsetning hafi haft meira vægi á kostnað bókmennta og ritunar þegar eldra námsefni var notað, hér kemur líka fram að í Skerpu er ekki hægt að komast upp með að sleppa neinu, en nemendur geta ráðið í hvaða röð þeir vinna verkefni.

Björg tekur dýpra í árinna en hinar og segir að „málfræðin sé dálítið frek á unglingastigi allt of frek að mínu mati“. Hjá henni kemur fram að

málfræðin sé í raun jafn frek í Skerpu eins og í öðrum bókum en það sé vegna þess að námskráin segir að svoleiðis eigi það að vera. Áfram heldur hún og segir:

Þau hafa ekki þroska í raun til þess að vinna þessa málfræði og maður spyr sig mjög oft, af hverju erum við að kenna þetta af hverju skiptir þetta atriði einhverju máli mér finnst hún frek, of frek. Kosturinn við Skerpu er sko að bókmenntirnar eru frekar á sitt pláss, þú átt ekki eins auðvelt með að ýta þeim bara til hliðar og láta þær verða afgangss sem var kannski oft áður, þá var kannski gengið á bókmenntirnar, það er ekki í þessu finnst mér.

Spurt var hvað nemendum fyndist um þetta námsefni. Þar sem Skerpa hefur verið kennd lengst er mikil og almenn ánægja hjá nemendum, þeir vilja alls ekki hætta með námsefnið. Nemendum finnst að þeir ráði hvað þeir gera, þeir mega vinna það sem þeir vilja í lotunni og vinna með næsta manni. Þeim finnst gott að hafa þetta val, þ.e. að geta stjórnað vinnunni svolítið sjálfir og geta ákveðið hvað þau vinna í tíma og svo hugsanlega heima.

María talar um að þetta henti vinnuhestum vel, þeir sem vilji og hafi getu til, geta flýtt sér og haldið áfram. Jóna telur að nemendur séu ánægðir með námsefnið. Svo kemur fram að nemendur ganga alltaf ferskir inn í nýja lotu, þeir eru spenntir að sjá hvað þeir eiga að fást við þar.

Einnig var spurt um skoðun foreldra á Skerpu og almennt eru þeir ánægðir. María segir: „Þeir eru almennt ánægðir sko, en þeir eru nú heldur ekkert að drepast úr áhuga.“ Jóna segist bara heyra jákvæðar raddir frá foreldrum og þess vegna er hún sjálf ánægð með efnið.

Björg segir foreldra afar ánægða. Helstu ástæðu þess telur hún vera að nemendur fá einkunnablað heim á þriggja vikna fresti og þá er sendur tölvupóstur og foreldrar látnir vita. Einnig hefur hún spurt í foreldraviðtölum og þá kemur fram að foreldrar telja stöðuga eftirfylgni af hinu góða.

Í lokin vill Björg koma eftir farandi á framfæri:

Kennari sem ég hef talað við í framhaldsskóla segir að nemendur sem hafa verið í Skerpu kunni að nota uppflöttibækur, þeir kvarta aldrei yfir skiladögum, þeir standa við það sem þeir eiga að gera því þeir eru vanir því. Þau eru von þessum ramma en þau eru líka von ákveðnu sjálfstæði. Þetta eru nemendurnir sem tuða ekki um hitt og þetta heldur ganga í

verkin þau eru vön að gera það. Þetta er mjög óformlegt en henni finnst hún sjá mun á vinnubrögðum þeirra.

Kennarar eru almennt ánægðir með námsefnið Skerpu og nemendur líka. Athygli vekur að kennarar virðast nokkuð fastir í að kenna námsefnið í stað þess að kenna íslensku. Þetta virðist ekki hafa breyst með Skerpu. Ekki kom fram hjá kennurum að þeir kenndu lesskilning á annan hátt en þann að nemendur læsu ákveðna texta og ynnu svo með þá hin ýmsu verkefni. Annar texti en bókmenntatexti var ekki nefndur.

Í vefefni sem fylgir Skerpu er ekki tekið sérstaklega fram hvernig og hvort lestri og lesskilningi er sinnt sérstaklega í námsefninu. Eins og áður hefur komið fram eiga nemendur að lesa bókmenntatexta í hverri lotu og vinna verkefni þeim tengd.

6 Umræður

Markmið þessarar rannsóknar var að skoða hversu hátt lestri og lesskilningi er gert undir höfði í Skerpu, nýju námsefni í íslensku fyrir unglingastig. Til þess að skoða þetta tók ég viðtöl við þrjá kennara á unglingastigi sem kenna Skerpu. Þessir kennarar höfðu ekki kennt íslensku lengi þannig að reynsla þeirra af eldra námsefni er ekki mikil. Þetta getur verið ástæða þess að ákveðið var að taka nýtt efni í kennsluna, ekki var komin mikil reynsla á annað og fyrir óvana, jafnt sem vana, kennara er mikið utanumhald í Skerpu.

Rannsóknir sem hafa verið gerðar á bóklestri íslenskra unglunga sýna að hann hefur farið minnkandi á undanförunum áratugum þótt vissulega megji merkja breytingar til hins betra⁶⁷. Svipaðar niðurstöður má lesa út úr PISA rannsóknnum⁶⁸. Því má vera ljóst að aðgerða er þörf.

Í íslenskuhluta aðalnámskrár grunnskóla segir:

Brýnt er að vekja áhuga nemenda á lestri og gera þeim grein fyrir mikilvægi góðrar lestrarkunnáttu á öllum stigum námsins. Nauðsynlegt er að lestrarkennslu og lestrarþjálfun sé haldið áfram allan grunnskólann jafnt og þétt. Mikilvægt er að kenna og þjálfna mismunandi lestraraðferðir⁶⁹

Er þetta reyndin með Skerpu? Höfundar hennar segja að Aðalnámskrá sé höfð að leiðarljósi. Í Skerpu er námsefnið heildstætt og í því er tekið á öllum þáttum íslenskunnar. Rauði þráðurinn hjá höfundum var að nemendur ynnu með alla þætti móturmálsins þannig að hver þáttur styddi annan og þeir mynduðu saman eina heild⁷⁰.

Í Skerpu eru allir þættir íslenskunnar teknir fyrir í hverri lotu. Hver lota hefst á málfræðiverkefnum, síðan er stafsetning, bókmenntir, ritun og endar á orðasúpu en í henni eru verkefni sem snúa að málnotkun, skilningi á orðum og vinnu með orðtök og málshætti. Kennarar eru

⁶⁷ Þorbjörn Broddason (2005)

⁶⁸ Almar M. Halldórsson (2006)

⁶⁹ Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska (2007)

⁷⁰ Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska (2007)

ánægðir með uppsetningu námsefnisins og tala um að ekki sé hætt á að neitt verði útundan. Öllum þáttum íslenskunnar er sinnt, að þeirra mati.

Fjölbreytnin er ein af ástæðunum sem kennarar nefna þegar spurt er af hverju þetta efni var tekið til kennslu. Önnur ástæða þess að ákveðið var að breyta til og prófa nýtt námsefni í þeim skólum sem ég heimsótti var sú staðreynd að kennarar voru orðnir þreyttir á því námsefni sem í boði var, nemendur voru áhugalausir og skýr þörf fyrir eitthvað nýtt.

Mikið var um eyðufyllingaverkefni og námsbækur sem nemendum þóttu ekki spennandi og höfðu þar af leiðandi ekki áhuga á að vinna þær. Í dag eru smásögur úr Mályrkjubókunum það eina sem notað er í Skerpu, af eldra námsefni, en verið er að undirbúa útgáfu smásagnaheftis sem á að fylgja námsefninu.

Kennarar töluðu um að í því námsefni sem fyrir var höfðu nemendur ekki tækifæri til að sýna frumkvæði. Námsefnið var yfirleitt fyrir fram ákveðið, eyðufyllingar og ákveðnar skáldsögur sem átti að lesa. Valið var lítið og allt of mikil mötun átti sér stað að mati viðmælenda minna. Það kom t.d. fram þegar velja átti bækur til lestrar því þá var ekki spurt um áhuga nemenda og það fór að miklu leyti eftir áhuga kennara hvað unnið var með fyrir utan málfræði sem skipaði stóran sess í námsefninu.

Þegar námsefnið Skerpa er borið saman við eldra námsefni kemur í ljós að möguleikar kennara til að sinna nemendum með mismunandi getu og þarfir eru miklir í Skerpu. Efnið er bútað niður og nemendur eiga meiri möguleika á að velja sjálfir t.d. lesefni sem þeir hafa áhuga á. Einnig er möguleiki á að taka út efni eða leyfa nemendum að fara hraðar yfir heldur en gert er ráð fyrir. Eldra námsefni kemur hvert úr sinni áttinni og það fer mikill tími hjá kennara að ákveða hvað á að taka fyrir og hvað ekki. Nemendur sem nota Skerpu vita í upphafi hverrar lotu til hvers er ætlast til af þeim og þeir geta ráðið í hvaða röð þeir vinna verkefni. Þetta er síður raunin í eldra námsefninu þar sem námsefni vetrarins er allt í einni bók og vill oft virðast óyfirstíganlegt fyrir nemendur.

Í viðtölunum kom fram að kennarar töldu að þeir hefðu sinnt lestri og lesskilningi nokkuð vel áður en þeir tóku Skerpu í notkun. Þeir töldu þó allir að eftir að þeir fóru að nota Skerpu þá væri kennslan markvissari og lítil hætt á að hægt væri að skilja bókmenntirnar útundan í náminu.

Í rannsókn Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands⁷¹ kemur fram að almennt telja kennarar að lestrarkennsla ljúki á yngsta stigi í grunnskóla. Eftir það fer eiginleg lestrarkennsla ekki fram að þeirra mati. Fram kemur í þessari rannsókn að vísbendingar eru um að nemendur í efstu bekkjum grunnskóla lesi minna en jafnaldrar þeirra gerðu fyrir nokkrum árum og þessu þarf að breyta.

Með Skerpu er stigið skref í þá átt. Kennarar komast ekki upp með að sleppa lestri og í verkefnum sem fylgja er unnið með lesskilning nemenda. Í hverri þriggja vikna lotu í Skerpu þurfa nemendur að lesa texta og vinna verkefni úr þeim. Textarnir eru mismunandi og verkefnin eru aldrei þau sömu. Nemendur þurfa að svara spurningum, gera útdrátt, búa til myndasögur, búa til veggspjöld og gera munnlega grein fyrir námsefninu svo eitthvað sé nefnt.

Kennurum fannst mikill fengur í því stuðningsefni sem fylgir með námsefninu á vef. Mikil ánægja var með skráningu og utanumhald, og fannst þeim aðgangur að stuðningsefni og skráum til að halda utan um námið skipta miklu máli í vinnu með Skerpu.

Notkun svokallaðs símats fer vaxandi í skólum og þetta kerfi er kjörið fyrir slíkt mat. Á einum stað geta kennarar haldið utan um námsefnið, námsframvindu og einkunnir. Ef spurningar vakna hjá foreldrum/forráðamönnum er einfalt mál að finna einkunnir og þær eru allar sundurliðaðar þannig að á hverjum tíma er hægt að sjá af hverju einkunn er eins og hún er. Hafa nemendur sleppt einhverju í vinnubók, er frágangi ábótavant eða hver er ástæðan?

Nemendur eru hvattir til sjálfstæðis og þurfa að halda utan um nám sitt. Í hverri kennslustofu er mikilvægt að nemendur hafi aðgang að uppflettibókum og öðru stuðningsefni sem kennarar telja nauðsynlegt.

Í upphafi velja nemendur sér viðmiðunartölu (einkunn) í samráði við kennara sem þeir einir, ásamt kennara, vita. Þetta er sú tala sem þeir sjálfir telja að þeir geti staðið undir á prófi og í verkefnavinnu. Með þessu eru nemendur hvattir til að standa við það sem þeir hafa áætlað sjálfir og kennarar voru sammála um að sú staðreynd að nemendur eru að keppa við sjálfa sig og ekki aðra hefur jákvæð áhrif á námsframvindu. Bloom bendir á að ekki á að líta svo á að allir nemendur þurfi sama tíma til að læra sama hlutinn. Viðmiðunartalan hefur góð áhrif á sjálfsálit nemenda

⁷¹ Auður Magnús Leiknisdóttir o.fl. (2009)

og hvetur þá áfram í náminu. Nemendur eru með öðrum orðum metnir á sínum eigin forsendum ⁷².

Nemendur fá frelsi að ákveðnu marki. Þeir velja hvað þeir vinna í tímum og hvað þeir vinna heima, ef þeir þurfa þess, þeir ráða í hvaða röð þeir vinna verkefni og þeir fá ákveðið svigrúm til að velja í bókmenntahluta verkefnanna. Þetta rímar vel við kenningu Albert Bandura um trú einstaklingsins á eigin getu ⁷³.

Í Skerpu eru miklir möguleikar fyrir kennara að gefa nemendum tækifæri til að nálgast viðfangsefnið á eigin forsendum. Eitthvað er um að kennarar taki út efni og setji annað inn í staðinn, allt eftir því hvað hentar nemendum. Helst var þá að nemendur sem eru hægari af einhverjum ástæðum fengju að sleppa stílabókinni, en í henni eru aukaverkefni.

Mikilvægt er að nemendur vinni með það sem þeir hafa áhuga á en séu ekki endalaust mataðir á einhverju sem þeir hafa ekki minnsta áhuga á því þá er hætt við að nemendur hætti hreinlega að læra ⁷⁴. Í Skerpu eru tækifæri til þess að höfða til áhugasviðs nemenda og kennarar voru sammála um að þeir ættu eftir að gera meira af því að leyfa nemendum að velja það sem þeir hefðu áhuga á. Þar sem flestir voru ekki búnir að kenna efnið nema tvo vetur var lítil reynsla komin á þennan möguleika.

Í viðtölunum við kennarana kom fram að þeir sem hafa kennt námsefnið lengst og eru orðnir kunnugir því gefa nemendum meira svigrúm til að velja heldur en þeir sem eru nýlega byrjaðir að nota efnið. Í bókmenntum eru ýmist komnir ákveðnir bókalistar, í einum skólanum getuskiptir, eða kennarar eru með ákveðnar bækur og þá bækur sem eru til í bekkjarsettum og hafa verið kenndar í ákveðnum bekkjum.

Kennarar eru sammála um að aukið val fyrir nemendur sé af hinu góða og stefnan virðist vera sú að leyfa nemendum að velja sjálfir. Þó taka allir kennarar fram að því vali verður að stýra. Það er hægt að gera með því að banna ákveðnar bækur eins og gert er, eða hafa bókalista sem nemendur geta valið af. Ef nemendur sjá ekkert áhugavert á listanum er mikilvægt að leyfa þeim að velja aðrar bækur eða aðstoða þá við það val.

Þegar kemur að Íslendingasögum og Íslendingaþáttum er lítið um val, kennarar hafa ákveðið hvaða sögur og hvaða þætti á að vinna með. Þó

⁷² Eisner (2000)

⁷³ Bandura (2008)

⁷⁴ Blachowicz og Ogle (2001)

kemur fram að áhugi er fyrir að breyta þessu og töldu kennarar að þeir myndu gera það þegar þeir hefðu öðlast meiri þjálfun í að kenna efnið.

Í viðtölunum kemur fram ákveðið óöryggi hjá kennurunum um hvernig best sé að kenna Íslendingasögurnar. Á eingöngu að vinna með þær í tímum eða senda nemendur heim og láta þá lesa þar? Kennararnir töldu bestan árangur nást með því að lesa saman og ræða um textann. Arnbak⁷⁵ bendir á að það er einmitt eitt af því mikilvægasta þegar leskilningur er annars vegar, að ræða um textann við nemendur og vinna með hann, vera viss um að nemendur skilji það sem þeir eru að lesa.

Í bókmenntahluta Skerpu er unnið með ljóð. Kennararnir eru almennt á því að auka megi hlut ljóðakennslu í Skerpu. Einungis ein lota í hverjum bekk fer undir ljóð og nemendur eru yfirleitt búnir að gleyma því sem þeir lærðu í bragfræði í einum bekk þegar þeir eiga að fara að læra hana næsta ár á eftir. Kennurum fannst mikilvægt að ljóðakennsla væri í lotunum því oft eru þeir ekki öruggir með þetta efni og tilhneiging til að „skauta yfir það“ hefði verið til staðar í eldra námsefni.

Eins og áður hefur komið fram var ein af ástæðum þess að Skerpa var tekin í notkun í þeim skólum sem ég heimsótti sú að kennarar voru orðnir leiðir á því námsefni sem hafði verið kennt áður. Mikil áhersla var á málfræði og oft á kostnað bókmennta og lesturs.

Í Skerpu er öllum hlutum íslenskunnar gert jafn hátt undir höfði þannig að málfræðin er ekki of frek á pláss. Þetta telja kennarar jákvætt því námsefnið sem var fyrir bauð að þeirra mati oft upp á að ofuráhersla væri lögð á málfræði. Þó kennarar telji að þeir hafi sinnt öllum hlutum íslenskunnar jafn vel áður og nú eru þeir sammála um að það hafi kannski verið meira tilviljanakennt hvernig það fór fram. Stundum komu tímabil þar sem eingöngu var unnið með málfræði og síðan skipt. Í Skerpu er allt í hverri lotu þannig að kennarar eru vissari um að sinna öllu jafnt.

Fram kom að kennurum finnst allt of mikil áhersla vera lögð á málfræðikennslu í grunnskólum. En það er vegna þess að Aðalnámskrá segir að þannig eigi það að vera. Málfræðin er flókin og nemendur ekki tilbúnir til að læra hana eins ítarlega og ætlast er til í grunnskólanum.

Almennt eru nemendur ánægðir með Skerpu. Alltaf eru einhverjir hnökror þegar nýtt efni er kynnt, en þegar nemendur kynnast efninu og

⁷⁵ Arnbak (2008)

gera sér grein fyrir til hvers er ætlast af þeim eru þeir, langflestir, mjög ánægðir með það. Kennarar verða varir við aukinn metnað hjá nemendum, þeir vilja standa við það sem þeir sjálfir hafa ákveðið og sett sér sem takmark. Stundum getur það tekið nokkrar lotur að gera sér grein fyrir hvað þarf til. Ný vinnubrögð eins og að þurfa að afla sér upplýsinga úr handbókum í staðinn fyrir að kennarinn mati eins og svo oft vill verða er kannski það sem flestir eiga erfitt með að tileinka sér. En það kemur með æfingunni. Þeir nemendur sem skara fram úr hafa líka möguleika á að flýta námi sínu og þá er gott fyrir foreldra að sjá hvernig staðan er, hvaða einkunnir liggja að baki ef nemandi fer á undan bekkjarfélögum sínum yfir Skerpu.

Að mati viðmælenda minna eru foreldrar líka upp til hópa ánægðir. Á þriggja vikna fresti fá þeir upplýsingar um námsframvindu barna sinna og ef eitthvað er að þá er hægt að grípa inn í strax í staðinn fyrir að það líði einhverjir mánuðir áður en vandamálin koma í ljós.

Í viðtölunum kemur fram að kennararnir eru almennt ánægðir með bókmenntir og lestur í Skerpu. Þeir telja sig örugga um að sinna þessum atriðum íslenskunnar betur en þeir gerðu áður en þeir fóru að nota Skerpu.

Möguleikar á að breyta til og nota annað lesefni en gefið er upp í Skerpu mælast einnig vel fyrir þó svo að ekki sé komin mikil reynsla á þann möguleika.

Þó að textarnir séu mismunandi vekur athygli að í námsefnið vantar annars konar texta en bókmenntatexta. Í Aðalnámskrá⁷⁶ kemur fram að nemendur eiga að kynnast mismunandi textum, þeir eiga að getað unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum, eiga að geta aflað sér heimilda og þá er tekið sem dæmi dagblöð, tímarit og Netið. Einnig eiga þeir að geta lagt mat á gildi og trúverðugleika texta og fjölmiðlaefnis og tekið gagnrýna afstöðu til þess. Þetta vantar í Skerpu. Viðmælendur mínir töluðu ekki sérstaklega um þetta, töldu allir að námsefnið tæki yfir alla hluti lesturs og lesskilnings.

Með námsefninu Skerpu er kominn nýr möguleiki fyrir kennara til að kenna alla hluta íslenskunnar án þess að hafa áhyggjur af því að þeir séu að gleyma einhverju. Í umræðu þjóðfélagsins um skóla fyrir alla og einstaklingsmiðað nám má einnig benda á þetta námsefni. Auðvelt er fyrir kennara að breyta og bæta, taka út eða bæta inni. Allt utanumhald er

⁷⁶ Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska (2007)

auðveldara og nemendur sjá á þriggja vikna fresti hver staða þeirra er. Eins er auðvelt að grípa inn í ef kennari verður var við að eitthvað er ekki eins og það á að vera í náminu. Mikilvægt er að taka tillit til nemenda og þeirra þarfa og áhugamála. Þetta er auðvelt að gera þegar nemendur eiga að velja sér kjörbækur. Kennari verður að passa sig á að festast ekki í „hjólfarinu“ þannig að hann taki við námsefninu og kenni það eins og það kemur fyrir því möguleikar kennara til að aðlaga efnið eru miklir.

Í íslensku hluta aðalnámskrá grunnskóla er kafli sem heitir lestur og bókmenntir⁷⁷ og í ljósi þess vekur athygli að í Skerpu er ekki talað um lestur heldur eingöngu bókmenntir. Höfundar námsefnisins segjast hafa aðalnámskrá að leiðarljósi og þetta þarf þess vegna að endurskoða að mínu mati. Augljós galli á þessu kennsluefni með tilliti til lesturs og lesskilnings er að það vantar aðra texta en bókmenntatexta. Sú hætta að kennarar taki við efninu og kenni það án þess að gera sér grein fyrir þessum annmarka er til staðar.

Í upphafi var lagt upp með spurninguna hvort lestri og lesskilningi sé gert hærra undir höfði í Skerpu en í eldra námsefni. Í Skerpu er unnið markvisst með bókmenntir og að því leyti er lestri og lesskilningi gert hærra undir höfði en áður var. Kennarar töluðu um að sú staðreynd að í hverri lotu er gert ráð fyrir lestri bókmenntatexta yrði til þess að lestur gleymdist ekki eins og vildi gerast á unglíngastigi þegar annað námsefni var notað. Ég hef bent á að í námsefnið vantar aðra texta en bókmenntatexta. Slíkir textar eru í Málýrkjubókunum en eru orðnir gamlir og úreltir.

⁷⁷ Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska (2007)

Lokaorð

Meginviðfangsefni þessarar ritgerðar var að kanna hvort kennurum finnst lestri og lesskilningi vera gert hærra undir höfði í Skerpu heldur en í eldra námsefni.

Ljóst er að kennarar telja að með tilkomu Skerpu sé meira utanumhald en áður var og líkurnar á að bókmenntum og lestri sé ekki nægilega sinnt séu hverfandi.

Námsefnið Skerpa var tekið í notkun í skólanum sem ég starfa í og við vorum tvær sem ákváðum að prófa þetta í kennslu. Í byrjun var þetta töluverð vinna, við þurftum að læra á „kerfið“, yfirferð var mikil og einnig utanumhald. Við sáum fljótt mun á nemendum, þeir fylltust ákveðnum metnaði til að ná viðmiðunartölu sinni og við hættum að heyra frá þeim að þetta væri of erfitt og það væri ekki hægt að skilja. Okkur fannst þetta mesti munurinn, nemendur byrjuðu alltaf spenntir á þriggja vikna fresti á nýrri lotu og í hverri lotu var mikil fjölbreytni og hægt að ráða hvar væri unnið í hverjum tíma.

Sú staðreynd sem blasir við kennurum í dag, samkvæmt þeim rannsóknum sem hér hafa verið nefndar, að lestri og lesskilningi unglinga á Íslandi fari mjög hrakandi, hlýtur að hvetja þá til að auka kennslu í lestri og lesskilningi á unglingastigi.

Rannsóknir benda til að formlegri lestrarkennslu ljúki í þriðja til fjórða bekk. Full ástæða er til að skoða með hvaða hætti hægt sé að hvetja nemendur til lestrar.

Í Skerpu er haldið vel utan um lestur og lesskilning, en þó vantar ákveðna þætti inn eins og læsi á aðra texta en bókmenntatexta. Trú mín er sú að úr þessu verði bætt, þannig að læsi í sinni víðustu mynd fái sess í námsefninu.

Með tilkomu Skerpu er komið ákveðið tæki til að hvetja til lestrar og halda utan um lestur hjá unglingum. Von mín er að svipað námsefni komi út fyrir miðstig grunnskóla og þá fyrr en síðar.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla: Íslenska.* (2007). Reykjavík:
Menntamálaráðuneytið. Sótt 21. mars 2010 af
http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra_grsk_islenska.pdf
- Almar M. Halldórsson. (2006). *Lesskilningur og íslenskukunnátta 15 ára nemenda: Sérstaða Íslands og forspárþættir. Niðurstöður PISA 2000 og samræmdra prófa.* Reykjavík: Námsmatsstofnun. Sótt 21.mars 2010 af
http://www.namsmat.is/vefur/skyrslur/serstakar/skyrsla_almar.pdf
- Arnbak, E. (2008). *Faglig læsning - fra læseproces til læreproces.*
Köbenhavn: Gyldendal.
- Auður Magnús Leiknisdóttir, Hrefna Guðmundsdóttir, Ágústa Edda Björnsdóttir, Heiður Hrunn Jónsdóttir og Friðrik H. Jónsson. (2009). *Staða lestrarkennslu í íslenskum grunnskólum.* Reykjavík:
Menntamálaráðuneytið. Sótt 21.mars af http://bella.stjr.is/utgafur/stada_lestrarkennslu_i_islenskum_grunnskolum_2009.pdf
- Bandura, Albert. (2008). *Self-Processes and Enabling Human Potential.*
Information Age Publishing
- Blachowicz, C. og Ogle, D. (2001). *Reading Comprehension: Strategies for Independent Learners.* New York: The Guilford Press.
- Eisner, E.W. (2000). *Benjamin Bloom, 1913-99.* Sótt 17. apríl af
<http://www.ibe.unesco.org/publications/ThinkersPdf/bloome.pdf>
- Ehri, L.C. (1997 og 2002) *Kenning Ehri um þróun á sjónrænum orðaforða.* Steinunn Torfadóttir íslenskaði. 2005
- Elbro, C. (2004). *Læsning og læseundervisning.* Copenhagen: Gyldendal.
- Flick, U. (2006). *An introduction to qualitative research.* (3. útgáfa).
London: Sage
- Guðbjörg Grímsdóttir. (2009). *Vallaskólaleiðin: Um námsefni til einstaklingsmiðunar í íslenskukennslu á unglingsstigi.* Sótt 21. mars 2010 af
http://skemman.is/bitstream/1946/4014/1/vallaskolaleidin_fixed.pdf

- Guðbjörg Grímsdóttir, Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir og Kristjana Hallgrímsdóttir. (e.d.). *Kennarasiða Skerpu*. Sótt 21. mars 2010 af <http://skerpa.forlagid.is/?p=198>
- Guðmundur B. Kristmundsson. (2000). Kraftaverk og kræsingastaður. Í Heimir Pálsson, Erna Árnadóttir, Guðmundur B. Kristmundsson og Ingibjörg B. Frimannsdóttir (Ritnefnd), *Lestrarbókin okkar: greinasafn um lestur og læsi* (bls. 67-90). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Íslenska lestrarfélagið.
- Guðmundur B. Kristmundsson. (2010). *Vörður á leið til læsis*. Glærur úr fyrirlestri 6. febrúar
- Harvey, S. og Goudvis, A. (2007). *Strategies That Work: Teaching Comprehension for Understanding and Engagement*. Portland: Stenhouse Publishers.
- Helga Jónsdóttir (2003). Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 67-84). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Höien, T. og Lundberg, I. (2000). *Dyslexia: From Theory til Intervention*. Dordrecht: Kluwer Academic Publishers.
- Höigård, A. (1999). *Barns språkutvikling, muntlig og skriftlig*. Oslo: Universitetsforlaget.
- Ingvar Sigurgeirsson. (2003). *Hvað er einstaklingsmiðað nám?* Sótt 17. apríl 2010 af <http://starfsfolk.khi.is/ingvar/namskeid/fraedslumidstod/vefur/skilgreiningar.htm>
- Illeris, K. (2007). *Læring*. Köbenhavn: Roskilde Universitetsforlag.
- Katrín Jakobsdóttir. (2010). *Ræða haldin á læsisráðstefnu Samtaka móðurmálskennara 6. febrúar*. Sótt 23. apríl 2010 af <http://www.mennta malaraduneyti.is/radherra/raedur/2010/02/11/nr/5332>
- Lesvefurinn. (2010). Sótt 21. mars 2010 af <http://lesvefurinn.khi.is/>

- Lög um grunnskóla nr.91/2008. (2008). Sótt 21. mars af <http://www.althingi.is/lagas/135b/2008091.html>
- Maagerø, E. og Tønnessen, S. E. (2006). *Á lese i alle fag*. Oslo: Universitetsforlaget.
- Nation, K. (2005). Connections Between Language and Reading in Children With Poor Reading Comprehension. Í H.W. Catts og A.G. Khami (ritstj.). *The Connections Between Language and Reading Disabilities*. Mahwah: Lawrence Erlbaum.
- OECD (1999). *Measuring Students Knowledge and Skills: A New Framework for Assessment*. Sótt 23.apríl 2010 af <http://www.oecd.org/dataoecd/45/32/33693997.pdf>
- Parkhurst, H. og Nunn, T.P. (1922). *Education On The Dalton Plan* (1922). New York: E.P. Dutton & Company.
- Pierce, W.D. og Cheney, C.D.(2004). *Behavior analysis and learning*. New Jersey: Lawrence Erlbaum Associates.
- Sigríður Þ. Valgeirsdóttir. (1993). *Læsi íslenskra barna*. Menntamálaráðuneytið, Rannsóknarstofnun uppeldis- og kennslumála, Kennaraháskóli Íslands.
- Sigrún Klara Hannesdóttir. (1998). *Lestur er bestur: Um lestur íslenskra barna og unglinga*. Sótt 21. mars 2010 af <http://www.bokasafnid.is/22arg/skh98.html>
- Stackhouse, J. (2006). Speech and spelling difficulties: what to look for. Í M.J. Snowling og J. Stackhouse (ritstj.). *Dyslexia, speech and Language. A practitioner's Handbook*. (önnur útgáfa) (bls. 143-166). London: Whurr.
- Tomlinson, C.A. (2001). *How To Differentiate Instruction In Mixed-Ability Classrooms*. Virginia, USA: Association for Supervision and Curriculum Development Alexandria.

- Vance, M. Og Mitchell, J.E. (2006). Short-term memory: assessment and intervention. Í M.J. Snowling og J. Stackhouse (ritstj.). *Dyslexia, speech and Language. A practitioner's Handbook*. (önnur útgáfa) (bls. 15-35). London:Whurr.
- Vygotsky, L.S. (1878). *Mind in Society. The Development of Higher Psychological Process*. Cambridge, Massachusetts og London, England: Harvard University Press.
- Walpole, S., McKenna, Michael C. (2007). *Differentiated Reading instruction:Strategies for the Primary Grades*. New York: The Guilford Press.
- Þóra Kristinsdóttir. (2000). „Að lesa ... list er góð“. Í Heimir Pálsson, Erna Árnadóttir, Guðmundur B. Kristmundsson og Ingibjörg B. Frímansdóttir (Ritnefnd), *Lestrarbókin okkar: greinasafn um lestur og læsi* (bls. 67-90). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Íslenska lestrarfélagið.
- Þorbjörn Broddason, Kjartan Ólafsson og Sólveig Margrét Karlsdóttir. (2009). *Rannsóknir í félagsvísindum X: Ný börn og nýir miðlar á nýju árpúsundi*, 253-262. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Þorbjörn Broddason. (2005). „Börn og breyttir miðlar.“ *Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna: Erindi flutt á málþingi Umboðsmanns barna og Háskólarektors* 5. nóvember 2004. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Fylgiskjal

Upplýst samþykki

Rannsókn þessari er ætlað að vera grundvöllur að 20 eininga M.Ed lokaverkefni við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Rannsókninni er ætlað að kanna hvort kennarar telji að nemendur lesi meira og markvissara þegar námsefnið Skerpa er notað, miðað við eldra námsefni, og hvort lesskilningi sé sérstaklega sinnt í námsefninu.

Þegar hefur verið send tilkynning til Persónuverndar varðandi rannsóknina. Til að gæta trúnaðar verður hvorki skólinn nefndur sínu rétta nafni né þátttakendur í rannsókninni eða aðrir sem hugsanlega verða nafngreindir í viðtalinu. Hljóðskráin verður fargað þegar rannsóknarniðurstöður liggja fyrir og verkefnið verið samþykkt.

Ég undirrituð samþykki að taka þátt í þessari rannsókn og hef fullt leyfi til að draga mig út úr henni á hvaða tímapunkti sem er.

Dagsetning _____

Viðmælandi

Rannsakandi

